Framtíð NFT í heimi lista

Borgar það sig fyrir listamenn að stunda viðskipti á nýjum vettvangi NFT? ➤ 26

Aldraðir meistarar

Er þungarokkið á leið í gröfina? Fréttablaðið fór á Copenhell. ➤ 22

Koddaslagur Svens.
Säman gegn hvítu rusli.

FRÉTTABLAÐIÐ

124. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR

LAUGARDAGUR 25. JÚNÍ 2022

Kannski mun hún bjarga lífi mínu

Súsanna Sif Jónsdóttir greindist með krabbamein fyrir fimm árum og hefur glímt við ófrjósemi í kjölfarið. Í dag á hún dóttur og stefnir á stofnfrumumeðferð í Svíþjóð. ➤ 24

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Uppbygging á innviðum rafbíla heldur loks áfram

benediktarnar@frettabladid.is

SAMFÉLAG „Fyrst þessi ákvörðun er komin vonumst við eftir því að hlutirnir fari að gerast á ný," segir Tómas Kristjánsson, formaður Rafbílasambands Íslands, varðandi ákvörðun Landsréttar um að staðfesta ógildingu á úrskurði kærunefndar útboðsmála um lögmæti útboðs á uppsetningu og rekstri hleðslustöðva fyrir rafbíla í hverfum Reykjavíkur.

71

hleðslustöð átti ON að setja upp í Reykjavík.

Málið má rekja til samkomulags Reykjavíkurborgar og Orkuveitu Reykjavíkur sem undirritað var í fyrra um að koma upp 71 hleðslustöð víðs vegar um borgina til að þjóna rafbílaeigendum sem ekki hafa bílastæði á eigin lóð. Ísorka kærði útboðið.

Tómas er ánægður með að það sé loksins komin niðurstaða í málið enda bendir hann á að fjölmörg sveitarfélög á Íslandi hafi stöðvað öll útboð í kringum hleðslustöðvar.

Hann segir að loksins geti uppbygging á hleðslustöðvum haldið áfram en lítið hafi verið að gerast í þeim efnum síðustu tvö ár. ■

Sultuslök



Þessi ágætu hjón voru meðal fárra farþegum Spirit of Discovery sem skelltu sér ekki í skoðunarferð í gær. Sátu þau á svölunum hjá sér, nutu sólarinnar og skoðuðu tíðindi að heiman. Spirit of Discovery lagðist að Skarfabakka eldsnemma í gær í örstutta dagsheimsókn áður en það hélt aftur á haf út, en förinni var næst heitið á Grundarfjörð. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Boða frekari skerðingu mannréttinda

tsh@frettabladid.is

Steinunn Rögnvaldsdóttir, kynjafræðingur

BANDARÍKIN „Þetta er svo langt frá því að vera eitthvert endatafl hvað varðar borgaraleg réttindi," segir Steinunn Rögnvaldsdóttir kynjafræðingur um dóm Hæstaréttar Bandaríkjanna sem féll í gær. Með honum er fellt úr gildi fordæmi réttarins í málinu Roe gegn Wade sem kveðinn var upp árið 1973 og réttur kvenna til þungunarrofs ekki lengur verndaður af stjórnarskrá.

Steinunn vísar til álits dómarans Clarence Thomas, þar sem því er haldið fram að endurskoða þurfi önnur réttindi sem byggja á sama réttindaviðauka og þungunarrofið, meðal annars varðandi aðgengi að getnaðarvörnum og samkynja hjónabönd.

Niðurstaða réttarins í gær mun, að mati Steinunnar, koma verst niður á fátækum og jaðarsettum konum og einstaklingum sem hafa ekki tök á því að ferðast til annarra ríkja eða landa sem heimila þungunarrof.

„Yfirstéttin og þau sem eru vel stæð fjárhagslega, þetta hefur engin áhrif á þau," segir Steinunn og bætir við: „Þetta náttúrlega herðir átakalínurnar og dýpkar gjána á milli fólks." ■

Eini læknirinn í tæpa fjóra áratugi og alltaf á bakvakt

Sífellt erfiðara er að fá lækna til að setjast að í fámennari byggðarlögum landsins, en dæmi eru um að sum þeirra hafi verið án læknis með fasta viðveru í fjölda ára. Læknir í Vík í Mýrdal segir manneklu innan heilbrigðiskerfisins lítið hafa breyst síðustu áratugi.

erlamaria@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL „Ég er búinn að vera einn í héraði síðan 1985 og er starfandi allan veturinn og alltaf á bakvakt," segir Sigurgeir Már Jensson, læknir í Vík í Mýrdal, en Mýrdalshreppur og fyrrum Austur-Eyjafjallahreppur falla undir hans umdæmi. Þó segist Sigurgeir sinna miklu stærra svæði.

„Ég þjónusta líka á Kirkjubæjarklaustri þegar ekki er læknir þar, en það eru meira en tíu ár síðan þar var síðast búsettur fastur læknir," segir Sigurgeir. Það helgist af því að það hafi alltaf verið erfitt að manna það svæði.

„Það er sífellt erfiðara og erfiðara að fá menn til að setjast að á fámennum stöðum. Það þykir ekki fjölskylduvænt að vera eini læknirinn í héraði," segir Sigurgeir.

Aðspurður segir Sigurgeir það hafa vanist með tímanum að vera á vakt allan sólarhringinn í fleiri ár. „Ég finn ekkert fyrir því núna, þetta er bara partur af „programmet". Ef það væri fullkominn heimur myndi maður kannski ekki taka nema eina til tvær næturhelgarvaktir á mánuði. En lífið er bara ekkert þannig. Þetta er bara vinnan og staðan og það er bara einn læknir og hann þarf að sinna þessu," segir Sigurgeir.

Að sögn Sigurgeirs hefur engin umræða verið um að fjölga læknum á svæðinu, en hann telur læknaskort og manneklu innan heilbrigðiskerfisins margþætt vandamál sem erfitt sé að festa fingur á.

Sigurgeir Már læknir, ásamt Helgu Þorbergsdóttur hjúkrunarfræðingi og Steinunni Þórðardóttur, formanni Læknafélags Íslands. MYND/DÖGG PÁLSDÓTTIR

> **Ég hef ekki rætt við forstjórann um hvenær nákvæmlega ég ætla að hætta eða hver tekur við.**
>
> Sigurgeir Már Jensson, læknir í Vík í Mýrdal

„Mögulega neyðast menn til að fjölga læknum miðað við stöðuna, en það kostar mikla skipulagningu og fjármagn. Ég sé ekki að læknum hafi fjölgað á landsbyggðinni í rúm tíu ár, að minnsta kosti ekki hér í héraði. Þetta er enn eins og þegar þetta var sett á stofn um miðja síðustu öld eða fyrr," segir Sigurgeir.

Eftir rúmlega þrjátíu og sjö ár í starfi hyggst Sigurgeir fara á eftirlaun á næsta ári. Þó sé enn óvíst hver taki við af honum.

„Það er örugglega farið að styttast í þetta hjá mér og kominn hálfleikur, en ég hef ekki rætt við forstjórann um hvenær nákvæmlega ég ætla að hætta eða hver tekur við. Ég get verið eitthvað lengur, í mesta lagi eitt ár," segir Sigurgeir, og bætir við að nokkur dæmi séu um að eldri læknar hafi unnið áfram og þá sem verktakar.

„Það er þá til að halda hlutunum gangandi vegna þess að það vantar einhvern til að taka við af þeim," segir Sigurgeir. ■

UMTALAÐUR

TOYOTA C-HR

TOYOTA – MEST SELDA BÍFREIÐATEGUNDIN Á ÍSLANDI
32
ÁR Í RÖÐ

Verð frá: 5.650.000 kr.

KINTO ONE Langtímaleiga. Verð frá: 125.000 kr.

TOYOTA TRYGGINGAR
vátryggt af TM

7 3+4 ÁBYRGÐ · 3 ÁRA ÞJÓNUSTA · SPORLAUS

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000

2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

Sendu Samkeppniseftirliti ábendingu vegna útboðs á kjöti

kristinnhaukur@frettabladid.is

NEYTENDUR Félag atvinnurekenda hefur sent Samkeppniseftirlitinu ábendingu um hvernig umsvif íslenskra kjötframleiðenda bjagi útboð tollkvóta á kjöti. Það er að þeir bjóði langhæst verð í kvótann og sölsi meirihluta hans undir sig. Einkum í kvóta á svínakjöti en einnig í öðrum völuflokkum.

„Innlendir framleiðendur eru að spila á útboðskerfið og vinna gegn markmiðum tollkvótanna. Sem voru að stuðla að aukinni samkeppni og þar með lægra vöruverði," segir Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri félagsins.

Tollkvótakerfið hefur verið við lýði síðan árið 1995 og verið umdeilt. Lengst af hafa hæstbjóðendur fengið úthlutuðum kvóta en árið 2020 var sett á svokallað jafnvægisútboð, þar sem allir þátttakendur borga sama verð. Fyrri aðferð var notuð aftur í faraldrinum en jafnvægisútboðið tekur við á nýjan leik í haust.

> Það liggur í hlutarins eðli að þetta hækkar verð á kjötinu úti í búð, bæði því erlenda og innlenda.
>
> Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda

Ólafur Stephensen

Ólafur segir að íslenskir framleiðendur geti misnotað bæði þessi kerfi. Aðrar leiðir sem nefndar hafa verið eru hlutkesti sem Samkeppniseftirlitið hefur lagt til eða blönduð leið af hlutkesti og innflutningsreynslu sem Félag atvinnurekenda hefur lagt til. Það er að innflytjendur njóti þess að hafa fjárfest í viðskiptasamböndum og búnaði en jafnframt er opið fyrir nýliðun.

„Að okkar mati ætti Samkeppniseftirlitið að beina því til stjórnvalda að breyta þessu kerfi. Það væri eðlileg ráðstöfun að innlendum framleiðendum væri ekki gefinn kostur á að bjóða í tollkvóta," segir Ólafur. „Það liggur í hlutarins eðli að þetta hækkar verð á kjötinu úti í búð, bæði því erlenda og innlenda." ■

Akreinin á Lækjargötu var lokuð í um fjögur ár vegna framkvæmdanna.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Verktakastæðin í Lækjargötu leigð á fjórar milljónir

thorgrimur@frettabladid.is

SKIPULAGSMÁL Höfuðborgareignir greiddu Bílastæðasjóði 96.863 krónur á mánuði, alls 4.165.109, fyrir sjö bílastæði í Lækjagötu vegna framkvæmda sem þar hafa staðið yfir síðustu ár.

Vestari akrein Lækjargötu var loks opnuð á ný í síðustu viku eftir að hafa verið lokuð í um fjögur ár. Á henni hafa verktakar sem unnið hafa að hótelbyggingu haft umrædd bílastæði.

„Fyrsta afnotaleyfið fyrir þrengingu við Lækjargötu 12 var gefið út 30. maí 2018," segir Gunnar Hersveinn Sigursteinsson, verkefnastjóri hjá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkur, í svari við fyrirspurn blaðsins. „Svo til á sex mánaða fresti hefur þörf framkvæmdaaðila á notkun borgarlandsins verið yfirfarin og öryggi vegfarenda út frá framkvæmdinni metið. Gefin hafa verið út 7 afnotaleyfi vegna framkvæmdarinnar við Lækjargötu 12 og er kostnaður við hvert þeirra rúmlega 20 þús. kr. Framkvæmdaaðili greiðir Bílastæðasjóði fasta upphæð á mánuði fyrir afnotin af gjaldskyldu bílastæðunum sem eru innan afmarkaða vinnusvæðisins." ■

Tap Árborgar það mesta á hvern íbúa

Hallarekstur sex sveitarfélaga var yfir hundrað þúsund krónur á hvern íbúa á síðasta ári. Samanlagður rekstur allra sveitarfélaga var neikvæður um 8,8 milljarða. Bæjarstjóri Árborgar segir brýnt að snúa þessari þróun við ef ekki á illa að fara.

ggunnars@frettabladid.is

EFNAHAGSMÁL Samband íslenskra sveitarfélaga hefur safnað saman ársreikningum 64 af 69 sveitarfélögum fyrir árið 2021, en í þeim sveitarfélögum búa yfir 99 prósent landsmanna.

Samanlagður rekstrarafgangur A hluta var neikvæður um 8,8 milljarða króna. En það er sá hluti rekstrar sveitarfélaga sem stendur undir þjónustu við íbúa og er fjármagnaður með skatttekjum.

Af þeim sveitarfélögum sem skiluðu ársreikningum með miklu tapi skera þrjú stór sveitarfélög sig úr.

Reykjavík með hallarekstur upp á 3,8 milljarða, Hafnarfjörður með 1,5 milljarða og Árborg með 2,1 milljarðs tap á árinu 2021.

Í 18 sveitarfélögum af 64 er staðan sú að útsvarstekjur duga ekki fyrir launum starfsmanna.

Þá var veltufé frá rekstri neikvætt í 15 sveitarfélögum. Það felur í sér að tekjur duga ekki fyrir þjónustu og öðrum rekstrargjöldum. Þar er því ekkert rúm fyrir fjárfestingu eða ný verkefni.

Þar sem fleiri en 1.000 manns búa var reksturinn einna þyngstur í sex sveitarfélögum. Þau eiga það sammerkt að halli síðasta árs var yfir 100 þúsund krónur á hvern íbúa.

Árborg ber höfuð og herðar yfir önnur sveitarfélög sem eru í slíkri stöðu. Þar nam tap síðasta árs 205 þúsund krónum á hvern íbúa, en í sveitarfélaginu búa hátt í 11 þúsund manns. Þar á eftir kemur sveitarfélagið Vogar með 183 þúsund krónur á hvern íbúa.

Fjóla Kristinsdóttir, bæjarstjóri Árborgar, fær fjárhagsvandann í fangið en hún er nýtekin við sem bæjarstjóri. MYND/AÐSEND



Hver íbúi í Ísafjarðarbæ ber halla upp á 150 þúsund krónur á síðasta ári, sem er örlítið verri niðurstaða en ársreikningar Húnabyggðar, Seltjarnarness og Hveragerðis sýna.

Nýráðinn bæjarstjóri Árborgar, Fjóla Kristinsdóttir, segir þessa niðurstöðu ekki góða. „Þetta er auðvitað ein ástæða þess að kosningarnar fóru eins og þær fóru og nýtt fólk var fengið að borðinu. Við fundum það mjög sterkt í kosningabaráttunni."

Fjóla segist rétt vera að ná utan um vandann á sínum fyrstu dögum í starfi. „En það er alveg ljóst að við verðum að snúa þessari þróun við. Árborg getur ekki farið í gegnum mörg svona ár. Það er alveg ljóst. Við höfum verið að rýna þetta með okkar ráðgjöfum frá KPMG og leggja grunn að langtímastefnu í fjármálum."

> Við verðum að sýna ráðdeild og setja okkur raunhæf markmið.
>
> Fjóla Kristinsdóttir.

Íbúum Árborgar hefur fjölgað gríðarlega síðustu ár en samkvæmt Fjólu útheimtir slíkur vöxtur heilmikla fjárfestingu í innviðum.

„Það skýrir þennan hallarekstur auðvitað að einhverju leyti. Þessi gríðarlegi vöxtur er ekki bara dýr heldur hefur fjölgun síðustu ára fylgt ákveðið stefnuleysi og skortur á fyrirhyggju. Því þurfum við að breyta."

Viðsnúningur í rekstri sveitarfélaga býður ekki upp á neina töfralausn að sögn Fjólu. „Þetta mun taka tíma en við verðum að sýna ráðdeild og setja okkur raunhæf markmið.

Þetta er ærið verkefni en um leið mjög spennandi því Árborg er samfélag í sókn og hér eru spennandi hlutir að gerast sem eiga eftir að koma okkur á beinu brautina í rekstrinum. En þá þurfum við líka að halda vel á spöðunum," segir Fjóla að lokum. ■

EIGUM BÍLA
TIL AFHENDINGAR
STRAX!

Jeep® Wrangler Rubicon 4xe goðsögnin rafmagnaða hefur svo sannarlega slegið í gegn og sannað gildi sitt við íslenskar aðstæður. Bjóðum upp á 35"-37" og 40" breytingapakka.

5 ÁRA ÁBYRGÐ | 8 ÁRA ÁBYRGÐ Á DRIFRAFHLÖÐUNNI | PLUG-IN HYBRID

ISBAND
ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 590 2300
OPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LOKAÐ Á LAUGARDÖGUM Í SUMAR

ICELANDAIR

Yfir 40 áfangastaðir í sumar

icelandair.is

Hvert langar þig?

Veldu þann brottfarartíma sem hentar þér best.
Við fljúgum nefnilega oftar en einu sinni á dag til fjölda áfangastaða í sumar, bæði austan- og vestanhafs.

Finndu ferð sem hentar þér hjá okkur.

Þegar ferðinni er heitið til London er ódýrast að lenda í Luton.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Ódýrast að fljúga til London í sumar

ninarichter@frettabladid.is

FERÐALÖG Ódýrasti flugáfangastaðurinn í sumar miðað við verð dagsins er til Lundúna með ungverska flugfélaginu Wizz air. Hægt er að bóka þriggja daga helgarferð til borgarinnar í ágúst, með flugi fram og til baka fyrir 14.500 krónur. Næstódýrustu ferðirnar á tímabilinu eru ferðir með flugfélaginu Easy-Jet.

Ódýrasta flugið úr landi nú og fram í lok ágúst er flug Wizz Air á Luton-völl í London.

Wizz Air hefur flugleiðir frá Dammam, konungsríkinu Sádi-Arabíu, til Rómar, Vínar og Abu Dhabi í september 2022.

Nýju áfangastaðirnir þykja marka tímamót í aðgengi íbúa Sameinuðu arabísku furstadæmanna að lággjaldaflugi til Evrópu, og aðgengi Evrópubúa að svæðinu. Ódýrustu fargjöldin eru auglýst á 3.500 krónur aðra leið frá meginlandi Evrópu.

Sé leitað að hagstæðasta verði á pakkaferðum til sólarlanda fyrir fjögurra manna fjölskyldu hjá íslenskum ferðaskrifstofum frá deginum í dag og fram í lok ágúst, bjóða Heimsferðir besta verðið, samkvæmt óformlegri könnun blaðsins. Þar er boðin átta nátta ferð til Tenerife á 63.975 krónur á mann. ■

Þriggja tíma bið geti skapað bótarétt

Þriggja klukkustunda röskun í innanlandsflugi getur verið bótaskyld. Margir flugfarþegar eiga rétt á bótum án þess að vita af því. Hægfara flugstöðvar um allan heim valda því að fjöldi fólks sem mætir tímanlega missir samt af flugi. Prófmál fram undan.

bth@frettabladid.is



Íslenskir ferðalangar hafa lent í alls konar flugvandræðum síðustu vikur. Sumir flugvellir virðast aðeins vera á hálfum afköstum og eru bótakröfur tíðar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

NEYTENDUR Misbrestur er á að flugfélög upplýsi neytendur um rétt farþega til að sækja bætur ef röskun verður á flugi eða þau felld niður.

Óvenju mikið hefur verið um raskanir undanfarið og þá ekki síst í innanlandsflugi Icelandair, eins og Fréttablaðið hefur fjallað um. Ef flug, gildir einu hvort flugið er innanlands eða milli landa, frestast um þrjár klukkustundir eða meira af öðrum ástæðum en veðri eða náttúruhamförum, á farþegi rétt á bótum sem nema ekki lægri fjárhæð en 250 evrum. Það nemur rúmum 35.500 krónum miðað við gengi gærdagsins.

Breki Karlsson, formaður Neytendasamtakanna, segir að haugur af málum hafi komið inn á borð Neytendasamtakanna undanfarið. „Þetta eru sumpart árstíðabundnar umkvartanir sem snúa að ferðamennsku, flugfélögum, pakkaferðum og öðru þegar flugfélög seinka ferðum eða fella niður og veita ekki upplýsingar um fullan rétt farþega um bætur og réttindi fólks," segir Breki.

Ekki er þó aðeins um árstíðabundið annríki tengt sumarferðalögum að ræða. Vegna vandræða í innanlandsfluginu segir Breki mikilvægt að benda farþegum á að þeir eigi rétt á stöðluðum bótum sem nema 250 evrum ef flug þeirra frestast um meira en þrjá tíma eða er fellt niður.

„Það er ESB Evróputilskipun sem tryggir okkur þessi réttindi," segir Breki.

Hann segir marga hafa leitað til Neytendasamtakanna vegna innanlandsflugsins en einnig eigi Íslendingar í útistöðum við erlend flugfélög og ferðaskrifstofur sem hækka verð eftir að farþegar telja sig hafa greitt fullnaðarverð.

Því miður er það þannig að Icelandair upplýsir ekki alla farþega um þessi réttindi.

Breki Karlsson, formaður Neytendasamtakanna

Farþegi sem telur sig eiga rétt á bótum getur nálgast eyðublað á vef Samgöngustofu.

„Því miður er það þannig að Icelandair upplýsir ekki alla farþega um þessi réttindi," segir Breki.

Annað mál sem er neytendasamtökum víða um heim hugleikið þessa dagana tengist sögulegu álagi á flestum flugvöllum heimsins. Í kjölfar ferðasprengju að loknum lamandi áhrifum heimsfaraldurs Covid hefur ekki tekist að manna störf margra starfsmanna á flugvöllum eftir samdrátt. Þannig getur öryggisskoðun tekið marga klukkutíma. Mörg dæmi eru undanfarið um að farþegar sem mæta á réttum tíma fyrir brottför nái ekki að komast í tæka tíð að hliði sínu og missi því af flugi.

Eftir því sem fram kemur hjá formanni Neytendasamtakanna eru dæmi um að það taki farþega allt að fimm klukkustundir að komast um flugstöð frá anddyri á leiðarenda. Sögð eru dæmi um að afköst flugvalla séu innan við 50 prósent miðað við hefðbundið ástand. Regnhlífasamtök neytendafélaga víðs vegar í Evrópu eru að undirbúa prófmál til úrskurðar eða dóms þar sem svarað verður hvort flugfélög beri ábyrgð á farþega á flugvelli eða einstaklingurinn sjálfur.

Fréttablaðið náði ekki tali af Icelandair til að fá viðbrögð flugfélagsins við gagnrýni formanns Neytendasamtakanna.

Icelandair sagði fyrr í vikunni að tímaáætlun hafi staðist í fjórum af hverjum fimm flugum innanlands síðustu vikur og hafi orðið bragarbót. ■

Hótelherbergi aftur á fullu verði

ragnarjon@frettabladid.is

FERÐAÞJÓNUSTA Nóttin á almennu tveggja manna hótelherbergi hér á landi kostar nú í kringum 30-40 þúsund krónur, samkvæmt óformlegri könnun Fréttablaðsins sem framkvæmd var í vikunni. Skoðað var verð á hótelum af handahófi í sex bæjarfélögum hringinn í kringum landið.

Hægt er að finna ódýrari herbergi en það er í flestum tilfellum á gistiheimilum eða farfuglaheimilum. Þá fylgir yfirleitt ekki morgunverður og þjónustan ekki eins mikil og á hefðbundnum hótelum.

Samkvæmt verðgreiningu á hótelum frá Ferðamálastofu hefur mikið ris orðið í verðlagi hótela frá 2020, en það ár lækkuðu hótelherbergi mikið í verði vegna heimsfaraldurs sem þá geisaði.

Verðið er nú að leita í eðlilegt far á ný, að sögn Jakobs Rolfssonar, forstöðumanns rannsókna og tölfræðisviðs Ferðamálastofu. „Það er yfirleitt verið að bera saman til dæmis 2019 og 2022 og við erum að sjá að þetta er að leita í sömu mynstur," segir Jakob.

Hann telur þó ekki rétt að tala um að verð sé orðið of hátt. „Þótt Íslendingum finnist 40 þúsund fyrir hótelherbergi mikið á háannatíma á þéttsetnum ferðamannastað þá er það alls ekkert brjálað, miðað við hver eftirspurnin er núna," segir Jakob.

Jakob Rolfsson, forstöðumaður rannsókna og tölfræðisviðs Ferðamálastofu

Snorri Pétur Eggertsson, framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs Kea hótela, segir að fullyrða megi að eftirspurn sé komin á sama stað og 2019 á flestum stöðum á landinu.

Snorri segir að með vaxandi eftirspurn muni verð hækka. „Verðlagning er langt yfir því verði sem var í gangi í Covid og eftirspurnin hefur boðið upp á verðlagningu sem er meira að segja stundum hærri en 2019," segir hann og bætir við: „Í Covid nýttu Íslendingar sér lága verðlagningu á þeim tíma, sem var gott fyrir báða aðila. En sú verðlagning stendur ekki undir hótelrekstri á Íslandi."

Aðspurður segir Snorri að Íslendingar séu að bóka í mun minna mæli en áður. „Með hækkandi verði þá fækkar Íslendingum verulega, sérstaklega á lægra verðlögðum hótelum, þriggja stjörnu hótelum. Þau eru orðin of dýr fyrir Íslendinga svona almennt séð," segir Snorri. ■

KRÓNAN

ÞAÐ MÁ LEIKA SÉR AÐ MATNUM!

Finndu leiðina að hinum fullkomna borgara!

Tómatar í lausu, ísl.
35 kr. stk.

Lambhaga salat
350 kr. stk.

Fabrikku borgarar 2 x 130g
739 kr. pk.

Rib eye borgarar 2 x 175g
1459 kr. pk.

Fabrikku sósur VERÐ FRÁ:
439 kr. stk.

Cheddar hamborgaraostur
559 kr. pk.

Hamborgarar 4 stk með brauði
1179 kr. pk.

Afgreiðslutímar á www.kronan.is Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

BSRB vill að aukið fé verði sótt í vasa sjávarútvegsfyrirtækja

bth@frettabladid.is

EFNAHAGSMÁL Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, hagfræðingur BSRB, segir að þeir sem hafi breiðustu bökin þurfi að leggja meira fram til samneyslunnar. Flótti sé hafinn úr heilbrigðisgeiranum og varði miklu að verja grunnstoðirnar þótt mikil þensla sé í hagkerfinu og óvissa fram undan í efnahagsmálum.

„Kerfin okkar, heilbrigðiskerfið og velferðarkerfið, hafa verið vanfjármögnuð um árabil," segir Sigríður Ingibjörg. „Við erum með heilbrigðiskerfi sem hefur verið undir gríðarlegu álagi og sjáum flótta hafinn, til dæmis af Landspítalanum. Við hjá BSRB höfum lagt gríðarlega áherslu á mikilvægi þess að auka fjármuni inn í þessar stofnanir," bætir hún við, „bæði til að tryggja þjónustuna en ekki síður til að tryggja aðbúnað og öryggi starfsfólksins."

Það styttist í ögurstund í efnahagslífinu ofan á óðaverðbólgu og vaxtahækkanir. Kjarasamningar losna á almennum markaði í haust en hjá opinbera geiranum undir næsta vor. Hagfræðingur BSRB segir að til að styrkja kerfin þurfi að vera vilji hjá stjórnvöldum til að sækja tekjur til þeirra sem séu aflögufærir.

> Útgerðin og stóreignafólk þurfa að leggja meira til samfélagsins.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, hagfræðingur BSRB

„Útgerðin og stóreignafólk þurfa að leggja meira til samfélagsins."

Spurð hvernig Sigríður Ingibjörg sjái það fyrir sér bendir hún á að skattalækkanir stjórnarinnar á síðasta kjörtímabili hafi ekki verið fjármagnaðar.

„Við studdum skattalækkanir á láglaunahópa og millitekjufólk en við bentum líka á að það þyrfti að finna aðra fjármuni í staðinn."

Sigríður Ingibjörg segir meginverkefni kjarasamninganna að vernda kaupmátt og halda áfram að hækka lægstu laun.

„Eitt stærsta vandamálið er að hér hefur skort húsnæðisstefnu allt síðan verkamannabústaðir voru lagðir af fyrir tæpum aldarfjórðungi," segir Sigríður Ingibjörg. Hún telur þá breytingu hafa verið mjög vonda ákvörðun.

„Lausnin átti að vera að lána fólki miklu meiri peninga en það hefur skilað sér í ömurlegri stöðu eins og við sjáum núna. Það verður að bæta verulega í almenna íbúðakerfið til að tryggja húsnæðisöryggi fólks í lægri tekjuhópunum." ■

Sagði Boris að horfa í spegil

kristinnhaukur@frettabladid.is

UTANRÍKISMÁL Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, þingmaður Pírata, gagnrýndi Breta fyrir áform um að ferja hælisleitendur til Rúanda á þingi Evrópuráðsins. Sagði hún Boris Johnson forsætisráðherra reyna að láta eins og sterkan mann en aðgerðir hans væru í raun veikluð viðbrögð við popúlískum þrýstingi.

Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, þingmaður Pírata

„Áður fyrr varaðir þú aðra við þessu. Nú ættir þú að horfa í spegilinn," sagði Þórhildur um aðgerðir Breta, sem hefur verið lýst sem brotum á mannréttindum og angi af kynþáttahatri.

Fleiri þingmenn gagnrýndu Breta, sem hyggjast leggja fram löggjöf þar sem breskir dómarar geta hnekkt úrskurðum Evrópska mannréttindadómstólsins. Bent var á að Rússland og önnur valdstjórnarríki myndu nota þetta sem fyrirmynd eða réttlætingu á eigin brotum á alþjóðalögum og samþykktum.

„Heimurinn lærði lexíu eftir seinni heimsstyrjöldina. Að hunsa Mannréttindadómstólinn er að hunsa þá lexíu," sagði hinn þýski þingmaður Julian Pahlke. „Boris Johnson leiddi Bretland út úr Evrópusambandinu. Núna er hann að leiða Bretland út úr evrópskum gildum." ■

Tyrkir enn erfiðir Svíum og Finnum

Forseti Tyrklands setur Finnlandi og Svíþjóð þung skilyrði fyrir samþykki hans á aðildarumsóknum ríkjanna að Atlantshafsbandalaginu. Viðræður eru enn í hnút.

ragnarjon@frettabladid.is

UTANRÍKISMÁL Vonir Finnlands og Svíþjóðar um að fá fullgilda aðild að Atlantshafsbandalaginu á næsta fundi aðildarríkja virðast orðnar að engu, en fundurinn fer fram næsta miðvikudag, 29. júní. Tyrkland er enn mótfallið inngöngu ríkjanna tveggja og óljóst er hvenær eða hvort afstaða þeirra til aðildarviðræðna mun breytast.

Viðræður milli annars vegar umsóknarríkjanna tveggja og Tyrklands hins vegar, sem er andsnúið aðildinni, hófust þann 20. júní í Brussel að frumkvæði Jens Stoltenberg, framkvæmdastjóra NATO. Þar var ætlunin að sætta sjónarmið Finnlands, Svíþjóðar og Tyrklands en þjóðunum hefur orðið lítið ágengt í viðræðum sínum.

Helsta andstaða gegn inngöngu Svía og Finna í NATO kemur frá Recep Tayyip Erdogan Tyrklandsforseta. Erdogan hefur lýst því yfir að vilji Svíar og Finnar fá vilyrði Tyrklands fyrir inngöngu verði löndin að ganga að kröfum hans.

Helstu kröfur Tyrklands eru að bæði löndin breyti hryðjuverkalögum sínum, framselji meðlimi Verkamannaflokks Kúrda (PKK), sem fengið hafa pólitískt skjól, og stöðvi vopnaviðskiptabönn sem hafa verið í gildi síðan Tyrkland beitti sér í Sýrlandsstríðinu árið 2019.

Upprunalega gáfu öll 30 aðildarríki NATO vilyrði sitt fyrir inngöngu landanna. Þar á meðal Tyrkland, en forseti Finnlands, Sauli Niinisto, sagði að Erdogan sjálfur hefði lýst yfir ánægju sinni með umsóknina.

Finnland, sem deilir 1.340 kílómetrum af landamærum með Rússlandi, er sérstaklega í mun að umsókn þeirra verði tekin fyrir.

Ibrahim Kalin, talsmaður forseta Tyrklands, hefur gefið í skyn að mögulega þurfi að bíða að minnsta kosti í eitt ár áður en viðræður geta hafist á ný.

Þetta er talið tengt því að kosningar fara fram í Tyrklandi í júní 2023 en vinsældir Erdogan Tyrklandsforseta hafa minnkað mikið. Málefni Kúrda eru fyrirferðarmikil í umræðu landsins og mótstaða gegn þeim mikil og því auðséð að Erdogan mun nýta tækifærið til að sækja fylgi úr þessum málaflokki.

Tyrkland hefur ekki sett nein sérstök tímatakmörk hvað viðræður varðar, enda liggi ekki á að löndin tvö verði tekin inn sem aðildarríki NATO. Þetta hefur þó vakið hörð viðbrögð aðildarríkja, sem saka Erdogan um að nýta sér aðstöðu sína til að koma sínum eigin málefnum fram. ■

Tyrkland enn á móti umsókn Svíþjóðar og Finnlands

Finnland og Svíþjóð hafa bæði sent inn formlega umsókn um aðild að NATO, en andstaða Tyrklands gæti sett aðildarviðræður út af sporinu.

Ef ríkin fá inngöngu gæti NATO styrkt stöðu sína á Eystrasaltinu umtalsvert.

Sedat Önal, varautanríkisráðherra Tyrklands, og Ibrahim Kalin, talsmaður forseta Tyrklands, voru viðstaddir á fundi með talsmönnum Svíþjóðar og Finnlands í Brussel.

> Erdogan, forseti Tyrklands, vill að Svíar og Finnar breyti löggjöf sinni um hryðjuverk.

Áttu rétt á veitingahúsa- eða viðspyrnustyrk?

Umsóknarfrestur er til 30. júní 2022

Nánari upplýsingar á skatturinn.is

Skatturinn

skatturinn@skatturinn.is

442 1000

PLAY

Nú er ár liðið frá fyrsta flugi PLAY og við horfum stolt um öxl og bjartsýn fram á veginn

Allt að **50%**

afsláttur af völdum áfangastöðum

Barcelona • Berlín • Bologna • Boston • Brussel • Dublin
Genf • Kaupmannahöfn • Liverpool • London • Madrid
New York • París • Prag • Salzburg • Washington D.C.

Áfangastaðir okkar eru nú 25 talsins, beggja megin við Atlantshafið og við þökkum kærlega fyrir frábærar móttökur með því að bjóða flug á völdum dagsetningum á allt að 50% afslætti. Kíktu í bókunarvélina okkar á flyplay.com, notaðu afmælisgjöfina og skelltu þér út í heim á miklu betra verði!

*Tilboðinu lýkur á miðnætti sunnudaginn 26. júní.

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING
á Hringbraut

Spennt fyrir krefjandi starfi sem sóttvarnalæknir

Nýr sóttvarnalæknir hefur verið ráðinn og tekur við störfum 1. september næstkomandi. Guðrún Aspelund heitir sú sem tekur við starfinu af Þórólfi Guðnasyni, en hún hefur starfað fyrir sóttvarnalækni frá árinu 2019 og er spennt fyrir verkefnunum sem eru fram undan.

sigurjon@frettabladid.is

Nærmynd
Guðrún Aspelund

Uppruni: Guðrún er fædd 12. febrúar árið 1971. Hún ólst upp á Öldugötu í Vesturbænum í Reykjavík en flutti síðan á Seltjarnarnes þar sem hún bjó lengst af áður en hún fór í háskóla.

Ferill: Guðrún hefur embættispróf í læknisfræði frá Háskóla Íslands og sérmenntun í bæði almennum skurðlækningum og barnaskurðlækningum. Guðrún hefur einnig meistaranám í líftölfræði. Á árunum 2007 til 2017 var hún lektor og barnaskurðlæknir við Colombia-háskóla. Í dag, og fram að 1. september, starfar hún sem yfirlæknir á sviði sóttvarna hjá Embætti landlæknis.

Fjölskylduhagir: Guðrún og eiginmaður hennar, Gunnar Jakobsson, gengu í hjónaband árið 1998 eftir að hafa verið í sambandi í rúm fimm ár, þau kynntust á háskólaárunum. Saman eiga þau hjónin tvær dætur en þær eru þrettán og sextán ára.

Áhugamál: Áhugi Guðrúnar á læknisfræði kviknaði á menntaskólaárunum. Hún fór í MR og segist þar hafa fengið áhugann. Guðrún segir áhugamál sín fara mikið eftir veðri og árstíma, þá helst að hjóla, skíða og ganga.

Guðrún segir þetta vera áskorun sem hún er tilbúin til að takast á við.
FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Guðrún Aspelund, yfirlæknir sóttvarnasviðs hjá Embætti landlæknis, var fyrr í vikunni ráðin sem næsti sóttvarnalæknir. Hún var eini umsækjandinn að starfinu og var ráðin í kjölfar mats á umsókn og ítarlegs viðtals. „Ég geri mér grein fyrir að starfinu fylgir mikil ábyrgð og ég hlakka til að takast á við verkefnin sem eru fram undan," sagði Guðrún í tilkynningu frá Embætti landlæknis.

> Ég er spennt, ég veit að þetta er krefjandi og mikið ábyrgðastarf.
>
> Guðrún Aspelund, verðandi sóttvarnalæknir

Í samtali við Fréttablaðið sagðist hún ekki hræðast það umtal sem skapast hefur um embættið. „Ég hef auðvitað séð það að Þórólfur hefur verið í eldlínunni og komið fram fyrir bæði hönd síns sviðs og sóttvarnayfirvalda síðustu tvö ár og auðvitað hefur það verið mjög krefjandi," segir Guðrún og bætti við að hún væri alveg tilbúin að taka þetta að sér.

Guðrún segir ráðninguna leggjast vel í sig. „Ég er spennt, ég veit að þetta er krefjandi og mikið ábyrgðarstarf en þetta verður mjög áhugavert," bætir hún við. Hún segir þetta vera áskorun sem hún er tilbúin að takast á við, enda hafi hún starfað á sóttvarnasviði í tæp þrjú ár. „Það er búið að vera mikið álag og mikið að gera, þannig að mér finnst ég hafa góða sýn á þetta starf, vita um hvað það snýst og vera búin að fá góða reynslu, fyrir utan þann bakgrunn sem ég hef," segir hún.

Frá árinu 2019 hefur Þórólfur verið næsti yfirmaður Guðrúnar. Hún hefur starfað sem yfirlæknir á sóttvarnasviði hjá Embætti landlæknis, en sóttvarnalæknir er sviðsstjóri sóttvarnasviðs. Guðrún er því ekki að færa sig langt og veit vel hverju er búist við af henni í nýju starfi.

Guðrún segist ætla að taka gott frí í sumar áður en hún tekur við starfi sem sóttvarnalæknir seinna í haust, enda hafi það verið í kortunum áður en hún var ráðin. Hún segir starfsmenn sóttvarnasviðs hafa fengið hvatningu til að taka sumarfrí, enda hefur lítið verið um frí á sóttvarnasviðinu síðustu ár. ■

Húnabyggð
óskar eftir tillögum um byggðamerki

Húnabyggð er nýtt sveitarfélag sem varð til við sameiningu Blönduósbæjar og Húnavatnshrepps árið 2022.

Tákn Byggðamerkis Húnabyggðar skal hafa tilvísun í áberandi einkenni í náttúru svæðisins, sögu og ímynd.

Skilyrði er að merkið hafi skjaldarlögun og sé í samræmi við meginreglur skjaldarmerkjafræðinnar, sbr. 4. og 5. grein reglugerðar um byggðarmerki nr. R 112/1999. Tillögum skal skilað í tveimur útfærslum, í lit og í svart/hvítu, sett upp á A4. Jafnframt skal fylgja lýsing á merkingu og meginhugmyndum.

Tillögurnar skal senda í umslagi, merktar með fimm stafa tölu. Nafn höfundar skal fylgja með í lokuðu umslagi, merktu með sama auðkenni.

Matsnefnd skipuð af sveitarstjórn velur merki úr aðsendum tillögum, henni er jafnframt heimilt að hafna öllum eða vinna að útfærslu tillögu með höfundi. Veitt er vegleg verðlaunaupphæð fyrir efstu þrjár tillögurnar, sem matsnefnd velur og leiðir til endanlegs merkis.

Frestur til að skila tilögum er til 1. september 2022.
Nánari upplýsingar: Einar K. Jónsson
einar@hunavatnshreppur.is og í síma 842 5800.
Sendist til: Matsnefnd byggðamerkis, Hnjúkabyggð 33, 540 Blönduós.

Vegabréf

Stimplar, glaðningar, vinningar og minningar

Við erum byrjuð að stimpla og deila út glaðningum á N1 um allt land. Er ekki nýja N1 vegabréfið tilbúið í ævintýri sumarsins? Svo skilar þú því fullstimpluðu til að eiga möguleika á glæsilegum vinningi í leikslok!

Sjáumst í sumar!

1 Haribo 10 g

2 Lay's snakkpoki Sour Cream & Onion eða Salted 27,5 g

3 Coca-Cola Lime án sykurs 250 ml

4 Trítlar Litaðu umbúðirnar! 40 g

5 Kókómjólk 250 ml

6 Extra Sweet Mint tyggjópakki

7 Bubs hlauppoki 20 g

#vegabréf22

N1 ALLA LEIÐ

Sveiflukóngar

Sigmundur Ernir Rúnarsson
ser
@frettabladid.is

Efnahagslífið er aldrei fyrirséð á Íslandi og fyrir vikið þrífst spákaupmennska í landinu þar sem sveiflukóngarnir ríða röftum, altso þeir efnamenn sem eru úrræðabestir við að koma fjármunum sínum til vinnu á hverjum degi.

Eftir situr alþýða manna sem verður að una við gjaldmiðil sem gengur af göflunum, svo til reglulega, en fyrir vikið er aldrei á vísan að róa í vöxtum og verðlagi í landinu.

Og þversagnirnar í þessu öllu saman eru raunalegar – nægir þar að nefna lítið dæmi sem er reyndar stórt og alvarlegt í lífi fjölda fólks í yngri kantinum sem er að reyna að koma sér þaki yfir höfuðið.

Það fer í strangt greiðslumat, svo strangt reyndar að unga fólkið má hafa sig allt við til að komast í gegnum nálarauga lánveitenda. Á endanum liggur það svo fyrir með býsna mikilli nákvæmni hvað fólkið ræður við að taka hátt lán. Og það skal ekki fá krónu meira en það megnar að greiða til baka.

En allt eins gerist það daginn eftir að forkólfar Seðlabankans afráða að hækka stýrivexti af ástæðum sem unga fólkið hefur engin tök á að verjast. Forsendubrestur þess sem lántakanda verður alger – og útreikningarnir á greiðslubyrðinni mega þá allt eins heita einhver öfugmælavísa – enda hækka húsnæðislán þessa fólks um tugi þúsunda í hverjum einasta mánuði.

Þetta er Ísland ófyrirsjáanleikans. Fyrr og síðar.

Hefðbundnir íslenskir íbúðarkaupendur glíma nú almennt við lífskjararýrnun sem rekja má til þessara mannanna verka. Nú í vikunni hækkuðu mánaðargreiðslur kaupendanna um liðlega þrjátíu þúsund að meðaltali. Ætla má að dæmigerður fyrstu íbúðar kaupandi takist núna á við um áttatíu þúsund króna þyngri greiðslubyrði en fyrir réttu ári, mánaðarlega.

Af hverju í ósköpunum er ekki ráðist að rót vandans?

Það eru öðru fremur sveiflukóngarnir sem stjórna verðlagningu á fasteignamarkaði um þessar mundir af ástæðum sem rekja má til þess að eignamyndun er hvergi meiri í nokkrum flokki fjárfestinga. Þeir sjá sér því leik á borði að kaupa upp heilu og hálfu íbúðablokkirnar til að hagnast á stjórnlausri verðbólgu á fasteignamarkaði.

Miðað við allt það regluverk sem tilheyrir íslensku samfélagi ætti að vera auðvelt að taka á þessu á örlagatímum í efnahagsmálum þjóðarinnar. Eða er það svo að sveiflukóngarnir eigi hér frítt spil á kostnað almennings? ■

> Hefðbundnir íslenskir íbúðarkaupendur glíma nú almennt við lífskjararýrnun sem rekja má til þessara mannanna verka.

Gunnar

Mín skoðun

Óþefur og umhverfisráðherra

Sif Sigmarsdóttir

„Hvað felst í nafni?“ ritaði Shakespeare í Rómeó og Júlíu. „Það sem nefnt er rós hefði jafn ljúfan ilm með öðru nafni.“

Arthur Sackler fæddist í Brooklyn-hverfi í New York sumarið 1913. Hann var sonur evrópskra innflytjenda, Isaac og Sophie, sem dreymdi stóra drauma fyrir hönd Arthurs og yngri bræðra hans. Arthur hóf nám í læknisfræði. Hann fékk sumarstarf sem textahöfundur auglýsinga hjá lyfjafyrirtæki og uppgötvaði óvæntan hæfileika til að selja. Þegar kreppan mikla skall á misstu Isaac og Sophie það litla sem þau áttu. Arthur sá fjölskyldunni farborða og greiddi skólagjöld bræðra sinna sem einnig lærðu læknisfræði. Árið 1945 fékk Isaac hjartaáfall. Á dánarbeðinum sagðist hann harma að arfleiða þá ekki að neinum veraldlegum gæðum. Hann sagðist þó ánafna þeim öðru og meira. „Glati maður auði má alltaf vinna sér inn nýjan,“ sagði Isaac. „Glati maður æruverðugu nafni sínu fæst það aldrei aftur.“

Árið 1955 uppgötvaði svissneski lyfjaframleiðandi Roche nýtt róandi lyf. Arthur Sackler var fenginn til að markaðssetja það. Lyfið fékk nafnið Librium, samsetning úr ensku orðunum „liberation“ (frelsun) og „equilibrium“ (jafnvægi). Í kjölfarið fylgdi Valium en nafn þess var dregið af latnesku orði yfir að vera við góða heilsu.

Librium og Valium gerðu Arthur vellauðugan. Hann lét sér þó ekki nægja leik að orðum og keypti lítið lyfjafyrirtæki handa sér og bræðrum sínum. Lyfjafyrirtækið átti mikilli velgengni að fagna og Sackler-fjölskyldan varð ein auðugasta fjölskylda Bandaríkjanna. Fjölskyldan var lengi vel þekktust fyrir veglega styrki sína til lista- og menningarstofnana. Það breyttist hins vegar nýverið.

Guðlaugur Þór Þórðarson umhverfisráðherra sagði í fréttum Sjónvarpsins í vikunni að virkja þyrfti meira á Íslandi. Ástæðuna sagði hann orkuskiptin, áætlanir um að endurnýjanlegir orkugjafar leysi af hólmi orkugjafa á borð við kol og olíu sem menga meira. Fréttamaður benti á að 80 prósent af íslenskri raforku færi í stóriðju og spurði hvort ekki mætti einfaldlega taka þá orku og nota í orkuskiptin. Guðlaugur tók hugmyndinni fálega. „Hvað ef allir gerðu það?“ spurði hann fréttamann. „Hvað ef allar þjóðir færu þá leið að segja: Það sem að okkur snýr, við færum það bara til annarra landa? Þá næðist enginn árangur í baráttu gegn loftslagsvánni.“

Þótt lyfjaheitið Librium hafi verið kennt við frelsi og jafnvægi var raunveruleikinn annar. Þótt orðið Valium hafi vakið hugrenningatengsl við góða heilsu varð lyfið í senn mest notaða og mest misnotaða lyfseðilsskylda lyf í heimi.

Örlæti Sackler-fjölskyldunnar var iðulega því skilyrði háð að nafn fjölskyldunnar sæist á áberandi stað þar sem styrkja hennar naut við. Nafnið er þó ekki lengur þekktast fyrir velgjörðir við listir. Sackler-fjölskylduna þekkja nú flestir sem eigendur Purdue Pharma, lyfjafyrirtækisins sem framleiðir verkjalyfið OxyContin og talið er hafa valdið banvænum ópíóíðafaraldri sem nú geisar í Bandaríkjunum og víðar.

„Hvað felst í nafni?“ Þegar Isaac Sackler, ættfaðir Sackler-fjölskyldunnar, taldi sig ánafna sonum sínum hinum mestu verðmætum átti hanni ekki við stafarununa sem nafnið var samsett úr heldur orðstírinn sem lá að baki henni.

Rétt eins og rós ilmaði jafn vel undir öðru nafni lyktar óþefur illa þótt við köllum hann angan. Fullyrðing umhverfisráðherra um að stóriðja á Íslandi sé lausn á loftslagsvanda jarðar er í besta falli útúrsnúningur, versta falli skuggalegt stefnumál sem ræða þarf nánar. Stórtækar virkjanaframkvæmdir eru enn fremur náttúruspjöll, sama þótt umhverfisráðherra kalli þær hinu hugljúfa nafni orkuskipti. ■

> Fullyrðing umhverfisráðherra um að stóriðja sé lausn á loftslagsvanda er í besta falli útúrsnúningur.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jón Þórisson **RITSTJÓRI:** Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* , Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* . Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is*
VEFSTJÓRI: Einar Þór Sigurðsson *einarthor@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Guðmundur Gunnarsson *ggunnars@frettabladid.is*, **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Hörður Snævar Jónsson *hoddi@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

IONIQ 5

Fjórhjóladrifinn, 100% rafmagn.

Besti bíll í heimi 2022

ÞREFALDUR SIGURVEGARI

WORLD CAR AWARDS

Besti bíllinn
Besti rafbíllinn
Besta hönnunin

Hvað finnst þér best í heimi? Fjölskyldan, markmiðin, starfið? Hvert sem þú stefnir þá hefur verðlaunabíllinn IONIQ 5 kraftinn til að hjálpa þér að ná takmarkinu. Þú ferð allt að 481 km á hleðslunni. Ofurhleðslan bætir 100 km við á aðeins 5 mínútum. Eltu draumana þína af öryggi hvert sem er með 2. stigs akstursaðstoð. IONIQ 5 getur allt þetta og miklu meira.

Opið í dag frá 12–16

Ísbíll frá Valdísi verður á staðnum á milli 14-16

Hyundai IONIQ 5
2WD. Verð frá: 6.190.000 kr.
4WD. Verð frá: 7.190.000 kr.

HYUNDAI

Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is

www.hyundai.is

7 ÁRA Ábyrgð Framtíðin er örugg

8 ÁRA Rafhlöðu ábyrgðartrygging

Hyundai býður eina víðtækustu ábyrgð sem til er. Ábyrgð á öllum nýjum Hyundai bílum er sjö ár/150.000 km akstur, hvort sem kemur á undan. Átta ár/160.000 km ábyrgð er á rafhlöðum. Staðbundnir skilmálar gilda. Kaupandi greiðir fyrir reglulegt þjónustueftirlit hjá viðurkenndum aðilum. Kynntu þér allt um ábyrgðina á hyundai.is.

B|L

ENNEMM / SÍA / NM-011375

26. JÚNÍ — **66°NORÐUR, SVÆRTEGADE 12, KAUPMANNAHÖFN**

26. JÚNÍ — FREDERIKSBERG, DANMÖRK

27. JÚNÍ — OSLÓ, NOREGUR

30. JÚNÍ — NORT-SUR-ERDRE, FRAKKLAND

1. JÚLÍ — STOKKHÓLMUR, SVÍÞJÓÐ

3. JÚLÍ — ISTANBÚL, TYRKLAND

6. JÚLÍ — AÞENA, GRIKKLAND

11. JÚLÍ — BRUSSEL, BELGÍA

Sjá nánar á officialkaleo.com

KALEO

Tónleikum KALEO í verslun 66°Norður verður streymt
kl. 11 á Instagram reikningi okkar @66north, sunnudaginn 26. júlí

66north.is

FIBA
BASKETBALL
WORLD CUP
QUALIFIERS

ÍSLAND
GEGN
HOLLANDI

LANDSLEIKUR Í KÖRFU
UNDANKEPPNI HM
KARLA

FÖS. 1. JÚLÍ
KL. 20:00

ÓLAFSSALUR,
ÁSVÖLLUM
HAFNARFIRÐI

MIÐASALA HAFIN Á
STUBB APPINU!

WWW.STUBBUR.APP

Það þarf mikinn undirbúning fyrir stórmót í knattspyrnu. Stelpurnar okkar eru klárar í slaginn fyrir EM í Englandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Reynsla utan vallar skiptir miklu máli fyrir stórmót

15 DAGAR Í EM KVENNA Í FÓTBOLTA

Áður en íslenska kvennalandsliðið hefur leik á Evrópumótinu í Englandi þarf að vinna mörg handtök til að allt skipulag á mótinu virki.

helgi@frettabladid.is

FÓTBOLTI Íslenska kvennalandsliðið undirbýr sig nú af krafti fyrir lokakeppni Evrópumótsins sem fram fer í Englandi í sumar. Það eru þó ekki bara leikmenn sem þurfa að undirbúa sig fyrir átökin innan vallar, heldur eru verkefni starfsfólks utan vallar ansi mörg. Óskar Örn Guðbrandsson, starfsmaður KSÍ, segist finna fyrir því í skipulagningu mótsins að knattspyrna í kvennaflokki sé vaxandi í Evrópu.

„Við finnum það. Við erum með fleira starfsfólk. Reynslan hefur kennt okkur ýmislegt. Staðallinn hefur bara hækkað, bæði hjá UEFA og okkur," segir Óskar. Hann starfaði einnig hjá KSÍ þegar kvennalandsliðið fór síðast á stórmót, EM í Hollandi, þá sem fjölmiðlafulltrúi.

Alls eru 27 starfsmenn á vegum Knattspyrnusambands Íslands sem starfa í kringum landsliðið á mótinu. Í þeim hópi eru þjálfarateymið, leikgreinendur, fjölmiðlateymi, kokkur, sjúkrateymi, búningastjórar, öryggistjóri og fleira starfsfólk. Þá mun enska knattspyrnusambandið útvega tvo starfsmenn sem verða til taks fyrir íslenska hópinn meðan hann dvelur á Englandi, auk rútubílstjóra til að sjá til þess að hann komist leiðar sinnar.

Óskar segir góða blöndu af nýju og reynslumeira fólki í hópi starfsmanna í kringum landsliðið á EM. „Þetta er blanda af reynslumiklu og öflugu fólki sem hefur verið í þessu í mörg ár og nýrra fólki sem kemur með nýjar og ferskar hugmyndir. Blandan er svipuð og í leikmannahópnum," segir Óskar, en alls eru ellefu leikmenn í íslenska liðinu að fara á sitt fyrsta stórmót, í bland við reynslumeiri leikmenn sem eru vanari stærsta sviðinu.

Dagskrá Íslands

Ísland hefur leik á Evrópumótinu þann 10. júlí. Þá mætir liðið Belgum. Auk þeirra eru Ítalir og Frakkar einnig í riðli með Stelpunum okkar á mótinu.

Áður en íslenska liðið heldur til Englands til að mæta Belgum í fyrsta leik riðlakeppninnar ferðast það til Póllands og leikur vináttulandsleik við heimakonur. Sá leikur fer fram 29. júní, ellefu dögum fyrir fyrsta leik Íslands á EM. Þaðan mun liðið svo ferðast til Þýskalands þar sem það heldur undirbúningi sínum fyrir EM áfram.

Langur undirbúningur

Það þarf að horfa til margra þátta, líkt og gistingar, rútuferða og svo framvegis. Alls eru gistinæturnar meðan á Evrópumótinu stendur 650 talsins. Ef allt gengur að óskum verða þær fleiri. Það byggist allt á því hversu langt stelpurnar okkar ná á mótinu.

Undirbúningur KSÍ fyrir mótið hefur tekið langan tíma, enda í mörg horn að líta. „Ég veit ekki hvernig ég á að lýsa því í tíma, dögum eða klukkustundum, en þetta er gríðarlega umfangsmikið," segir Óskar.

„Við vorum byrjuð að undirbúa okkur um leið og liðið tryggði sig inn á mótið. En hópurinn sem hefur verið mest í undirbúningnum er búinn að vera frá því í haust. Hann hefur verið í samskiptum við UEFA, enska knattspyrnusambandið og skoðað aðstæður úti í Englandi, bæði hótel og velli," sagði hann að lokum.

Tæpar 300 milljónir í boði

Töluverðir fjármunir eru í boði á mótinu en ofan á þær 600 þúsund evrur sem KSÍ fær fyrir það að liðið hafi komist inn á mótið geta ýmiss konar aukagreiðslur bæst við. Fyrir hvern sigur á mótinu fást það sem nemur rúmar 14 milljónir króna. Fyrir jafntefli fæst helmingur af þeirri upphæð. Þá fær KSÍ hátt í 29 milljónir króna í vasann, takist liðinu að komast upp úr sínum riðli. Færi Ísland einnig áfram úr 8 liða úrslitum og í undanúrslit, fengi það hátt í 45 milljónir króna og tækist liðinu að komast alla leið í úrslit væri það öruggt með 59 milljónir króna. Fyrir að vinna mótið fást svo um 92 milljónir króna. Þetta þýðir að Evrópumeistararnir munu fá um 292 milljónir króna þegar allt er tekið saman. ■

Von á skýrslu frá Vöndu um starfið

hoddi@frettabladid.is

FÓTBOLTI Vanda Sigurgeirsdóttir hefur verið í 116 daga í embætti frá því að hún endurnýjaði umboð sitt sem formaður KSÍ. Í kosningabaráttu sinni talaði Vanda mikið um 100 daga áætlun sína í starfi og þar ætlaði hún að ýta hinum ýmsu verkefnum af stað.

„Ég er einmitt núna að vinna skýrslu um 100 dagana til að senda á félögin," segir Vanda í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins hvernig gengið hefði að fylgja eftir áætluninni.

Vanda og Guðmundur Ari Sigurjónsson, samstarfsmaður hennar, tóku niður þau atriði sem félögin í landinu nefndu. „Við flokkuðum þau niður og við hjá KSÍ höfum verið að vinna að framgangi þeirra, annaðhvort að ljúka við eða koma í ferli. Þetta eru mörg og ólík verkefni sem snúa að þáttum eins og fræðslu, mótamálum, leyfiskerfi og stuðningi við félögin," segir Vanda.

Eftir yfirburðasigur er Vanda ánægð með það hvernig tekist hefur til á um 100 dögum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Vanda hefur setið fundi með fimm ráðherrum til að leysa úr þeim vandamálum sem eru á borði KSÍ. „Við höfum rætt um stuðning ríkisvaldsins við knattspyrnu, um útbreiðslu, aðstöðu, lýðheilsu og þann félagslega og fjárhagslega ávinning sem fjárfesting í fótbolta og öðrum íþróttum hefur í för með sér. Við höfum miklar væntingar um að þessir fundir muni skila sér í auknum stuðningi," segir Vanda.

Á næstunni ætlar Vanda svo með skrifstofu sína á ferð og flug um landið. „Þá ætlum við að vera með skrifstofu KSÍ á ferð um landið, það er að fara á staðina, vera með fundi og fræðslu, svara spurningum og fleira." Einnig er unnið að stefnumótun með hjálp UEFA. „Þá eru nokkrir starfshópar annaðhvort teknir til starfa eða eru í burðarliðnum, meðal annars starfshópur um þjóðarleikvang og um varalið. Ekki má gleyma einu stærsta málinu, sem er stefnumótun KSÍ til 2026 sem er unnin með UEFA. Þar á bæ hefur slík stefnumótun verið framkvæmd í mörgum löndum og skilað mjög góðum árangri." ■

TIL HAMINGJU!

GG Verk óskar Frömurum, íbúum í Úlfarsársdal, Grafarholti og öðrum Reykvíkingum hjartanlega til hamingju með stórglæsilega íþróttamiðstöð og aðalleikvang fyrir knattspyrnu.

(á)FRAM veginn!

GG VERK

Um leið viljum við þakka birgjum og undirverktökum fyrir gott samstarf

ALTIS

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

ÍSTAK

STEYPUSTÖÐIN

Pípulagninga meistarinn

LÓÐA ÞJÓNUSTAN EHF

Egill Árnason

LANDSBLIKK

BLÆBRIGÐI
málningarþjónusta

ÞG-JG
verktakar

ARMAR

FR
Framkvæmdaráðgjöf

BIRNADROFN@FRETTABLADID.IS

Ófrjósemi í kjölfar krabbameins

> Er sanngjarnt að sumir þurfi að borga fyrir að eignast börn en aðrir ekki?

Súsanna Sif Jónsdóttir, þrítug kona sem glímt hefur við krabbamein í fimm ár, segir sögu sína í forsíðuviðtali þessa tölublaðs. Sagan er átakanleg en Súsanna bendir sérstaklega á hversu þungbærar fréttir það voru þegar henni var greint frá því að í kjölfar krabbameinsmeðferðar myndi hún þurfa að takast á við ófrjósemi.

Frjósemismeðferðir á Íslandi eru afar kostnaðarsamar og segir Súsanna það ósanngjarnt að hópur fólks þurfi að leggja út háar upphæðir fyrir eitthvað sem flestir geta gert ókeypis heima hjá sér. Hún telur að ríkið eigi að taka frekari þátt í frjósemismeðferðum.

„Ég sá mikið eftir sparnaðinum sem átti að fara í eitthvað allt annað en að reyna að eignast barn af því ég fékk krabbamein, við áttum ekki krónu til að gera þetta," segir Súsanna, sem hefur greitt fyrir þrjár meðferðir á Íslandi og eina í Grikklandi. Sú síðasta gekk upp og Súsanna eignaðist dóttur. Dóttur sem hún hafði mikið fyrir að eignast. Er sanngjarnt að sumir þurfi að borga fyrir að eignast börn en aðrir ekki? Eða er rétt hjá Súsönnu að ríkið ætti að taka frekari þátt í niðurgreiðslu frjósemismeðferða? ■

Við mælum með



Hellisgerði í Hafnarfirði
Almenningsgarðurinn Hellisgerði sem falinn er í hrauninu í Hafnarfirði er einstaklega fallegur og tilvalinn staður til að eiga góðan dag með fjölskyldunni. Í garðinum er mikill gróður og þar má finna fjölda trjátegunda en fyrsta trénu var plantað í garðinum árið 1924. Sagan segir að ekki sé einungis mannfólk í Hellisgerði heldur sé garðurinn heimili fjölmargra álfa og huldufólks. ■

Hinar huldu perlur veitinga leynast víðs vegar um Ísland

Búast má við að fjöldi fólks sé á ferðalagi um landið þessa helgina og fátt er betra en að gæða sér á góðum mat og drykk á nýjum stöðum. Með auknum fjölda innlendra og erlendra ferðamanna hefur bæst í veitingastaðaflóru landsins og hér má finna faldar perlur sem mælt er með.

birnadrofn@frettabladid.is

Einn fjölmargra kosta þess að fjöldi ferðamanna um landið sé að aukast er breiðari flóra veitingastaða. Hvert sem ferðast er má finna veitingastaði sem bjóða upp á fjölbreytta matseðla og eru þeir jafnólíkir og þeir eru margir.

Fréttablaðið tók saman fimm veitingastaði á Íslandi sem mælt er með. Við umfjöllun um hvern veitingastað er QR-kóði. QR-kóðinn er nokkurs konar strikamerki sem geymir á bak við sig upplýsingar. Skannir þú QR-kóðana hér til hliðar með snjalltæki opnast staðsetning veitingastaðanna í Google-maps og þú getur keyrt, gengið eða hjólað beina leið. ■

Baccalá – Eyjafirði

Á Hauganesi í Eyjafirði má finna veitingastaðinn Baccalá Bar. Á staðnum, sem er í um 25 mínútna akstursfjarlægð frá Akureyri, geta gestir notið útsýnisins yfir fjörðinn á meðan þeir njóta máltíðar á staðnum sem er í líki víkingaskips.

Á fjölbreyttum matseðli má finna saltfisk verkaðan á gamla mátann ásamt fjölda annarra fiskrétta, hamborgara, pitsur, vöfflur og ís. Mælt er með því að fólk bóki borð fyrir fram.

Narfeyrarstofa – Stykkishólmi

Narfeyrarhús í Stykkishólmi var byggt árið 1908 og hýsir nú Narfeyrarstofu þar sem vatnið er ekki sótt yfir lækinn því hráefnin sem notast er við eru flest úr næsta nágrenni.

Á matseðlinum er fjölbreytt úrval fiskrétta, ásamt folaldalundum, falafel og hamborgurum. Nýr forréttur á matseðli er burrata-ostur sem vakið hefur mikla ánægju gesta.

Mika – Biskupstungum

Hjónin Michał and Bożena Józefik reka veitingastaðinn Mika í Reykholti þar sem boðið er upp á ljúffenga humarrétti ásamt kjöt- og grænmetisréttum. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru pitsurnar á Mika með þeim betri á landinu og ekki er sparað í álegginu.

Það sem gerir Mika sérstaklega spennandi er að þar geta gestir gætt sér á handgerðu súkkulaði sem framleitt er á staðnum. Andrúmsloftið er heimilislegt og umhverfið fallegt.

Úps – Höfn

Á veitinga- og brugghúsinu Úps á Höfn í Hornafirði er virkilega girnilegur matseðill og er vegan úrvalið sérlega gott. Staðurinn er fjölskyldurekinn og ekki einungis rekur fjölskyldan veitingastaðinn heldur brugga þau sinn eigin bjór og framleiða sinn eigin borðbúnað úr leir.

Á matseðlinum má finna Burrito, Tostada og Nachos ásamt Edamame-baunum og kjúklingavængjum svo dæmi séu tekin. Bjórúrvalið má svo sjá á krítartöflu við barinn. Úps er staðsettur á Hafnarbraut 34.

Flak – Patreksfirði

Flak er samkomuhús og pöbb í gömlu verbúðinni á Patreksfirði og andinn þar listrænn. Matseðillinn er einfaldur en mikið er lagt upp úr gæðum og veglegheitum. Fiskisúpa úr fersku fiskmeti er flaggskip staðarins og laufa- & lemongrasssúpan er virkilega góð, ekki spillir fyrir að hún er vegan.

Á Flaki eru oft skemmtilegir viðburðir og í kvöld spilar Teitur Magnússon hin ýmsu lög af ferlinum og frítt er inn. Vert er að taka fram að bjórúrvalið á pöbbnum er afar fjölbreytt.

Skoðaðu rúmin okkar áður en þú tekur ákvörðun.

JENSEN
Designed for Sleep Comfort
www.jensen-beds.com

epal

Skeifan 6 / 5687733 / epal.is

Nordic Seamless*
Verð frá:
423.600.-

Jensen rúm:

- Hvert rúm er sérgert fyrir þig.
- 25 ára ábyrgð á gormakerfi.
- Skandinavísk hönnun.
- Norsk gæðaframleiðsla frá 1947.
- Áratuga reynsla.
- Gæði, ábyrgð og öryggi.
- Stillanleg rúm, Continental og boxdýnur.
- Yfirdýnur í úrvali.
- Stuttur afhendingartími, ótal möguleikar.
- Mikið úrval af göflum, náttborðum og yfirdýnum

Continental*
Verð frá:
499.400.-

* Aukahlutir gafl, náttborð og lampar eru ekki innifaldir í verði.

SUMAR ÚTSALA

www.husgagnahollin.is VEFVERSLUN

30%

CLEVELAND
Hornsófi, hægri eða vinstri. Dökkgrátt eða ljósgrátt áklæði. 308 x 203 x 81 cm.
139.993 kr. ~~199.990 kr.~~

ABSALON Olíuborin eik, svart split leður.
2ja sæta. 147 × 83 × 84 cm.
160.993 kr. ~~229.990 kr.~~
3ja sæta. 206 × 83 × 84 cm.
202.993 kr. ~~289.990 kr.~~

PINTO
4ra sæta sófi í Kentucky koníak eða Stone bonded leðri. 253 × 97 × 85 cm.
199.992 kr. ~~249.990 kr.~~

SICILIA
2ja sæta sófi í fallegu Colorado dökkgráu áklæði. 158 × 94 × 82 cm.
118.993 kr. ~~169.990 kr.~~

ATLANTA
3ja sæta rafknúinn sófi. Tvö ytri sætin hafa skemil sem má lyfta með hnappi. Svart leður.
198 × 96 × 98 cm.
263.920 kr. ~~329.900 kr.~~

DC 3600
3ja sæta sófi. Svart Savoy split leður. 202 × 80 × 80 cm.
209.993 kr. ~~299.990 kr.~~

PARIS
Hornsófi, hægri eða vinstri. Adore 28 appelsínugult eða grænt áklæði.
247 × 195 × 82 cm.
202.493 kr. ~~269.990 kr.~~

Reykjavík Bíldshöfði 20
11 – 18 virka daga
11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri Dalsbraut 1
11 – 18 virka daga
11 – 16 laugardaga

Ísafjörður Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.

KARE TUDOR
Hægindastóll úr flaueli.
Blágrænn, silfurgrár eða svartur.
78 × 80 × 100 cm.
59.995 kr. ~~119.990 kr.~~

50%

FOCUS
Skenkur. Gráolíuborin eik.
160 × 45 × 75 cm.
118.993 kr. ~~169.990 kr.~~

30%

50%

RICHMOND
Borðstofuborð. Síldarbeinamynstur.
Ø120 cm. **49.995 kr.** ~~99.990 kr.~~

25%

ECLIPSE
Borðstofuborð. Grár askur.
200 × 110 × 77 cm.
209.993 kr. ~~279.990 kr.~~

40%

KARE BRISTOL
Hægindastóll, gulur, grænn eða rústrauður. **59.994 kr.** ~~99.990 kr.~~

20%

MUUBS SPACE
Borðstofuborð. Reykt eik. Ø120 cm.
239.992 kr. ~~299.990 kr.~~

20%

COUVIN
Glerskápur. Svart birki.
120 × 42 × 210 cm.
183.992 kr. ~~229.990 kr.~~

30%

CANNES
Hægindastóll, ýmsir litir.
139.993 kr. ~~199.990 kr.~~

50%

VALE
Armstóll. Ljósbrúnn eða svartur.
34.995 kr.
~~69.990 kr.~~

30%

YORK Borðstofustóll.
Dökkgrátt áklæði eða brúnt eða svart leðurlíki.
18.893 kr. ~~26.990 kr.~~

VISTA
Skenkur með 6 hurðum.
183 × 43 × 90 cm.
104.993 kr.
~~139.990 kr.~~

Nýr útsölubæklingur á
www.husgagnahollin.is/
baeklingar

ÚTSALA
30-50%
AF SUMAR-
HÚSGÖGNUM

HÚSGAGNA
HÖLLIN

Paul Stanley varð sjötugur í byrjun árs en Kiss var stofnað árið 1970 og rokka sem aldrei fyrr. MYNDIR/MATTHÍAS FINNSSON

Það eru ekki margir ungir metalhausar til, samkvæmt Arnari Eggert, doktor í tónlistarfræðum, en það finnast þó nokkur ljós í myrkrinu.

Þungarokkið að slá sinn síðasta tón

Meðalaldur þungarokkshljómsveita á stóru þungarokkshátíðum er fjörutíu ár. Langt er síðan nýtt og spennandi þungarokksband heillaði flösuþeytara heimsins og ekkert virðist toppa Metallica, Iron Maiden og hina gömlu góðu risa. Hvað veldur? Fréttablaðið fór á Copenhell og spjallaði við valinkunna spekúlanta um hvort þungarokkið sé á leið í gröfina.

benediktboas@frettabladid.is
kristinnhaukur@frettabladid.is

Sumarið er tíminn þar sem flösuþeytarar landsins fara út fyrir landsteinana til þess að horfa á goð sín og rífa upp hornin. Metalhausarnir eru alþjóðlegt samfélag engu öðru líkt, með sitt eigið tungumál, sínar eigin táknmyndir og sinn eigin dans. Sá dans er reyndar frekar einfaldur en hann snýst um að feykja flösu sem víðast og standa kyrr.

Fyrir löngu seldust upp allir miðar á hátíðir eins og Wacken í Þýskalandi, Graspop í Belgíu og Copenhell í Danmörku, enda allir risarnir í rokkinu að spila. Þegar betur er að gáð sést þó alvarlegt mein. Óheilbrigður vítahringur sem getur ekki endað með neinu öðru en háu falli.

Stærstu hljómsveitirnar á þessum hátíðum, og öllum öðrum, eru þær sömu og trekktu að fyrir 30, 40 og jafnvel 50 árum síðan. Á Copenhell, einni þeirri vinsælustu hjá Íslendingum, er meðalstarfsaldur tíu stærstu sveitanna 39,5 ár. Á Graspop var starfsaldurinn hærri, eða 42,5 ár.

Margar af stjörnunum, eins og Gene Simmons í KISS og Rob Halford í Judas Priest, eru komnar á áttræðisaldur og sumar hljómsveitir eru byrjaðar að missa meðlimi vegna öldrunarsjúkdóma.

Nýjar sveitir trekkja ekki að eins og þær gömlu og þess vegna er þeim komið fyrir á smærri sviðum og á verri tímum. Fólk er komið til að sjá risana sem plægt hafa akurinn áratugum saman. En hvað tekur við þegar þessar sveitir hætta? Er þungarokkið á leiðinni í gröfina? Hvað tekur við? Fréttablaðið tók snúning á Copenhell þar sem tvöföld bassatromma, glæsileg gítarsóló og konur og kallar öskruðu úr sér lungun, flest með miklum tilþrifum. Fréttablaðið mátti reyndar ekki mynda Metallica og Iron Maiden en blátt bann var við því. Aðrar hljómsveitir hleyptu blaðinu mun nær.

Þá leitaði blaðið til rokksérfræðinga sem hafa lifað og hrærst í þungarokkinu frá því þeir heyrðu fyrst bassatrommuna slá. Flestir eru sammála um að rokkið standi á tímamótum. Rokkið muni lifa en endurnýjunin er ekki að eiga sér stað. Hvorki í hljómsveitum né aðdáendum. Þó, ef horft er í kristalkúluna, sé hægt að sjá að þungarokkshátíðir muni bjóða upp á þrívíddarupptökur af hljómsveitum sem hafa farið yfir móðuna miklu.

Þarf að losna við þá gömlu

„Þungarokkið hefur haft sína öldudali og toppa. Endalokum þess hefur áður verið spáð en það heldur velli og mun gera það áfram, segir Eiríkur Hauksson, söngvari Artch og Drýsils. „Ég held einmitt að þegar gömlu „risarnir“ leggja upp laupana komi þörf fyrir nýtt blóð og viss endurnýjun muni eiga sér stað. Þetta mun taka sinn tíma en þungarokkarar er dyggur aðdáendahópur sem alltaf rís úr öskustónni.“

Eiríkur segist því miður fylgjast lítið með nýju þungarokki. „Ég er einmitt einn þeirra mörgu sem þurfa að „losna við“ gömlu meistarana til að uppgötva þá nýrri og yngri,“ segir hann.

Engir fimmtán ára metalhausar

„Rokkið er ekki dautt. Undirstefnan þungarokk er rosa vinsæl en er að standa í stað,“ segir Arnar Eggert Thoroddsen, doktor í tónlist.

Vísar hann til rannsóknar á gestum Hellfest í Frakklandi þar sem kom í ljós að meðalaldurinn var nálægt fertugu. „Endurnýjun metalhausa er ekki að eiga sér stað. Fimmtán ára metalhausar eru ekki til lengur,“ segir Arnar.

Arnar segir erfitt að spá fyrir um hvað gerist þegar gömlu risarnir hætta. Hugsanlega leggist þungarokkið af og flestum verði sama um það. Eða þá að það komi fram ný gerð af „ýktri músík“. Enn séu sífellt að koma fram þungarokkshljómsveitir, sem oft „uppfæri“ eldri tónlist. Þær séu þó sjaldnast að ná sömu meginstraumshylli og gömlu risarnir.

„Það er svolítið skondið að sjá plaköt fyrir risahátíðir eins og Wacken þar sem eru ekkert nema 30 ára gamlar hljómsveitir,“ segir Arnar.

Risarnir lifa

Snæbjörn Ragnarsson, þungarokkari með meiru og tónlistaráhugamaður, segir öruggt að þungarokkið sé ekki yngjast en hann sjái það nú ekki deyja út í nánustu framtíð. „Staðreyndin er sú að við erum enn að sjá fyrstu kynslóð þungarokkara í fullu fjöri og eiginlega ekki hægt að segja að neitt risaband hafi dáið eiginlegum ellidauða enn þá – nema kannski Motörhead og kannski Sabbath.

Minni og úthaldslélegri böndin heltust vitanlega frekar úr lestinni en risarnir lifa, sem ég held að sé ekkert óeðlilegt miðað við miklar vinsældir þeirra,“ segir Snæbjörn.

Hann segist vera sirka af þriðju kynslóð þungarokkara og það sé enn gaman að sjá Judas Priest (1969), Kiss (1973), Iron Maiden (1975) og Metallica (1981) spila. „Þetta eru mennirnir sem bjuggu þetta til og sýndu mér hvað ég átti að gera. Guðfeður. Óskoraðir brautryðjendur.

Mig grunar að þetta jafnist aðeins þegar þessi elsta víglína fellur frá. Stjörnuljóminn er ekki jafn bjartur kringum næstu kynslóðina – jú, þetta eru auðvitað alger risabönd og fylgið gríðarlegt, en þau komu til skjalanna þegar þungarokkið var tekið að kvíslast. Þannig sýnist hverju okkar sitt um KoRn, Slipknot, Rammstein og Mastodon.

En við vitum öll að Iron Maiden er besta hljómsveit í heimi. Það gerðist áður en skoðanamismunurinn kom til skjalanna,“ segir Snæbjörn.

Böndin verða eilíf í framtíðinni

Þráinn Árni Baldvinsson gítarleikari gaf nýlega út sitt fyrsta sólólag, Stringendo, sem er í þyngri kantinum. Þráinn hefur vakið athygli fyrir áhuga sinn á Kiss og gítarleik með Skálmöld. Hann segir að hann hafi einnig velt því fyrir sér hvort þungarokkið sé að slá sinn síðasta tón.

„Þegar við spiluðum á Graspop 2019, rétt fyrir Covid, þá voru það Def Leppard, Whitesnake og KISS sem kláruðu kvöldið þegar við vorum búnir að spila. Það var mikil dvalarheimilisstemning yfir öllu baksviðs og ekkert hart undir tönn í boði og fátt sterkara en engiferte. Það er auðvitað eitt og eitt band sem klifrar upp og í átt að toppnum en ég held þetta sé í raun spurning um samfélagið og miðlana frekar en að þungarokkið sé að hverfa,“ segir hann.

Þráinn bendir á að þegar öll stóru böndin komu fram á sínum tíma voru bara örfáir miðlar sem komu tónlistinni og upplýsingum um böndin til fólks. Allir fengu sömu upplýsingarnar um Metallica, KISS, Black Sabbath, Deep Purple í gegnum miðlana sem voru fáir til að byrja með. „Núna geta allir hins vegar gleymt sér í búbblunni sinni og algórhythminn stýrir nánast öllu fyrir þig.

Það er fullt af frábærum nýjum böndum úti um allan heim og þau geta núna gert tónlistina aðgengilega í gegnum alls kyns samfélagsmiðla og streymisveitur. En hættan er auðvitað að týnast í flóðinu.“

Þráinn segir að góð bönd sem ná einhverri athygli þurfi samt alltaf að deila athyglinni með öðrum, enda sé framboðið mikið. „Hvað tekur við þegar þessi stóru bönd leggja upp laupana? Þetta verður allt sett upp í þrívídd og enginn þarf að óttast þungarokkshátíð án Megadeth eða Kreator. Aldrei. Þeir verða alltaf með okkur.“ ■

Copenhell

Hljómsveit	Stofnuð
Metallica	1981
KISS	1973
Iron Maiden	1975
Judas Priest	1969
Mastodon	2000
Bad Religion	1980
Down	1991
Korn	1993
Merciful Fate	1981
D.A.D	1982
Meðalstarfsaldur	**39,5 ár**

Graspop-hátíðin

Hljómsveit	Stofnuð
Iron Maiden	1975
Scorpions	1965
Judas Priest	1969
Whitesnake	1978
Megadeth	1983
Sabaton	1999
Deep Purple	1968
Korn	1993
Alice Cooper	1969
Within Temptation	1996
Meðalstarfsaldur	**42,5 ár**

> **Það var mikil dvalarheimilisstemning yfir öllu baksviðs og ekkert hart undir tönn í boði og fátt sterkara en engiferte.**
>
> Þráinn Árni Baldvinsson, gítarleikari Skálmaldar

Rob Halford, söngvari Judas Priest, sem var stofnuð árið 1969, var geggjaður á sviðinu, enda einhver almesti töffari sem um getur.

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

LAUGARDAGUR 25. júní 2022

FORLAGIÐ
Alltaf opið á www.forlagid.is

Austin Butler fer með hlutverk Elvis Presley í Elvis. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Elvis lifir

thordisg@frettabladid.is

Þótt liðin séu 45 ár síðan konungur rokksins, Elvis Presley, kvaddi jarðvistina, trekkir hann að nýja og gamla aðdáendur í nýju kvikmyndinni Elvis með leikaranum Austin Butler í aðalhlutverki.

Elvis var harmdauði aðdáenda um allan heim þegar hann lést úr hjartaáfalli 16. ágúst 1977 og margir tóku andlátsfréttinni sem samsæri vegna þess að konungurinn hafi verið orðinn leiður á frægðinni.

Elvis víða á kreiki

Nú þegar Elvis er kominn í bíó spretta enn og aftur sögusagnir um að rokkkóngurinn sé sprelllifandi.

Hann var reyndar varla kominn í gröfina þegar vitni gaf sig fram og sagðist hafa séð hann kaupa sér farmiða til Argentínu á flugvellinum í Memphis, undir nafninu Jon Burrows, sem Elvis notaði iðulega á ferðalögum.

Í desember á dánarárinu sagðist annað vitni hafa komið auga á Elvis í hægindastól heima á setri sínu, Graceland.

Elvis mætti víst líka á viðburð í Graceland sumarið 2019 þar sem hann sást skottast um á meðal aðdáenda sinna og var tekið upp myndband af manni í blárri skyrtu og með hvítt alskegg, áður en hann hvarf sjónum.

Sama ár náðist Elvis á mynd í jarðarför síns besta vinar, DJ George Klein, með Pricillu Presley, fyrrum eiginkonu sinni.

Á Facebook eru grúppur þar sem sönnunargögn um Elvis á lífi birtast af og til. ■

Fæst í Apótekum, Hagkaup, Fríhöfninni og víðar | nánar á evy.is og celsus.is

Það er lítið mál að bregða á leik úti í náttúrunni ef fólk er í góðu formi, jafnvel þótt aldurinn færist yfir. OsteoStrong hjálpar að ná færni í jafnvægi. MYND/AÐSEND

Óstöðvandi með OsteoStrong

Nýr lífsstíll getur verið flókinn og það getur tekið langan tíma að samræma hann því lífi sem fólk lifir. OsteoStrong er kerfi sem hjálpar fólki að bæta líkamlegt atgervi hratt og örugglega í stuttri heimsókn einu sinni í viku. Þannig verður breytingin einföld og getur auðveldað aðrar ákvarðanir að betri heilsu. 2

Með OsteoStrong ástundun bætir fólk styrk sinn og þol. Æfingarnar taka einungis 20 mínútur í hvert skipti.

Þjálfarar leiðbeina fólki og passa upp á að æfingarnar séu rétt gerðar.

Með 20 mínútna vikulegri ástundun tekst meðlimum OsteoStrong að auka styrk sinn og jafnvægi hraðar en annars staðar án þess að finna fyrir harðsperrum eða öðrum fylgifiskum. Meðlimir auka styrk vöðva, beina, sina og liðbanda umtalsvert, auk þess að losa sig við verki. Sérhæfð tæki bjóða meðlimum að nýta vöðva í hámarks aflstöðu.

Sumarið er tíminn til að prófa eitthvað nýtt

„Sumrin eru svo spennandi og sumarið í ár er þar alls engin undantekning. Það eru allir svo spenntir að takast á við spennandi verkefni úti við, hvort sem það er að klífa fjall, hjóla, spila golf, synda í sjónum eða gera fínt í garðinum. Við vitum hins vegar að það getur verið erfitt að komast almennilega af stað ef fólk finnur mikið fyrir átökunum í kroppnum daginn eftir. Þar getur OsteoStrong hjálpað verulega til. Við viljum endilega styrkja fólk í því að njóta íslenska sumarsins sem best. Það langar engan að vera bundinn inni á sumrin og því er heppilegt að heimsókn í OsteoStrong tekur í heildina um 20 mínútur einu sinni í viku og þá fær fólk enn meira út úr útiverunni og hreyfingunni," segir Svanlaug Jóhannsdóttir, annar eigandi OsteoStrong. Hún bætir við: „Við leggjum áherslu á gott viðmót og notalegt umhverfi og erum svo stolt þegar við heyrum það út undan okkur að það hafi tekist."

Flestir geta nýtt sér það sem OsteoStrong býður upp á, fólk á öllum aldri, óháð líkamlegri getu.

Meðlimir geta átt von á að:

- Auka styrk
- Minnka verki í baki og liðamótum
- Minnka líkur á álagsmeiðslum
- Bæta líkamsstöðu
- Auka jafnvægi
- Lækka langtíma blóðsykur
- Auka beinþéttni
- 73% sterkari á ári

„Enginn annar möguleiki sem við þekkjum býður upp á svona mikla styrkingu á jafn stuttum æfingatíma," segir Örn Helgason, eigin maður Svanlaugar og meðeiganda



Æfingarnar taka skjótan tíma en gefa mikinn árangur.

OsteoStrong. Athuganir á árangri meðlima sýna að þeir eru að meðaltali að styrkja sig um 73% á ári.

Betra jafnvægi

„Fólk sér fyrst mun á jafnvæginu. Eftir aðeins fimm skipti er fólk að meðaltali búið að bæta það um 77%. Fyrir suma þýðir það að þeir eru betri í golfi, eða stöðugri í fjallgöngu. Fyrir aðra þýðir þetta að þeir geta sleppt göngugrindinni, eða átt auðveldara með að ganga," segir Örn.

5.000 meðlimir

„Um 5.000 manns eru og hafa verið meðlimir hjá OsteoStrong. Í hverri viku sækja um 350 manns stöðina í Hátúni og um 280 stöðina í Ögurhvarfi. Við heyrum afrekssögur á hverjum degi. Okkur fannst best að láta fólkið okkar tala fyrir sig, sögur af auknum lífsgæðum eru frábær ástæða til að mæta í vinnuna á morgnana," segir Svanlaug.

Frír prufutími

„Við bjóðum upp á fría prufutíma fyrir alla. Þetta er ný hugmynd og það er gaman að geta sýnt fólki hvað við gerum. Flestir koma til okkar með margar spurningar en fara frá okkur spenntir, glaðir og með skýra sýn á það hvernig OsteoStrong getur hjálpað þeim," segir Örn.

Ástundun OsteoStrong skilar miklum árangri með auðveldri ástundun. ■

Stöðvar OsteoStrong eru í Hátúni 12, 105 Reykjavík og í Ögurhvarfi 2, 203 Kópavogi. Frían prufutíma má bóka á www.osteostrong.is og í síma 419 9200.

Óstöðvandi í brekkunum

„Í Covid hafði ég minnkað þá hreyfingu sem ég stundaði og ekki verið í jóga. Ég þurfti því að styrkja mig. Í dag er ég mun betri. Þegar ég byrjaði í jóganu aftur fann ég að ég var jafnvel enn sterkari en ég var áður en ég hætti. Ég var óstöðvandi þegar ég fór á fjöll og fann lítið fyrir brekkunum. Núna geysist ég upp brekkurnar eins og hind! Ég mæli með OsteoStrong til að styrkja líkamann og það besta er að það styrkir líka beinin og mótar líkamann. Svo er yndislegt og faglegt starfsfólk."

Guðrún J. Kristjánsdóttir

Allar hreyfingar betri

„Ég var alltaf með mikla liðverki. Eftir tvö skipti hjá OsteoStrong þá fann ég hvað þeir minnkuðu mikið. Allar hreyfingar líkamans urðu betri, mér leið vel og hlakkaði alltaf til að mæta í tíma. Ég átti ekki von á þeim árangri sem ég náði, OsteoStrong er alveg magnað."

Þórdís Guðmundsdóttir

Ganga úti í náttúrunni

„Þegar ég hóf ástundun hjá OsteoStrong var ég mjög slæm í hnjáliðum og baki. Fljótlega fann ég að verkirnir minnkuðu mikið. Það var mikil og mikilvæg breyting fyrir mig. Ég fór að geta hreyft mig mikið meira og ganga úti í náttúrunni. Heilsan varð öll önnur og miklu betri. OsteoStrong er frábær staður og starfsfólkið mjög gott."

Valgerður Skúladóttir

Betri í hnjánum

„Ég var með verki í hnjánum og jafnvægið var mjög lélegt. Ég stundaði OsteoStrong í þrjá mánuði. Á þeim tíma minnkuðu verkirnir hægt og rólega og jafnvægið varð miklu betra. Ég fann fyrir meiri styrk og auknu úthaldi. OsteoStrong er frábær leið til að bæta heilsuna."

Helga Stefanía Magnúsdóttir

Algert frelsi

„Þegar ég hóf ástundun hjá OsteoStrong var ég með verk sem leiddi frá baki niður í hné. Ég var viss um að það væri einhver taugaklemma. Ég hafði farið til heimilislæknis og sjúkraþjálfara en það breytti engu. Mér til mikillar undrunar hvarf verkurinn eftir nokkur skipti. Ég var sterkari og með meira jafnvægi. Frábært að losna loksins við þennan verk. OsteoStrong fyrir mér er algert frelsi og svarið sem ég þurfti."

Inga Hersteinsdóttir

Komst loksins á hestbak

„Það háði mér að vera með mikinn svima og lítið jafnvægi. Eftir þrjá tíma hjá OsteoStrong var jafnvægið orðið margfalt betra og sviminn nánast horfinn. Ég varð stöðugri og öruggari með mig. Loksins gat ég farið út að hjóla og á hestbak sem ég gat ekki áður. OsteoStrong er ótrúleg lausn fyrir mig."

Íris Hall

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Jón Þórisson

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 5766 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Starri Freyr Jónsson** starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

IT COSMETICS

TOPP 5
vörur frá IT

Nú fáanlegt í vefverslun hagkaup.is

20% afsláttur

af öllum IT Cosmetics vörum
út 29. júní

HAGKAUP

Syndsamlega ljúfir þorskhnakkar sem steinliggja

Sjöfn Þórðardóttir
sjofn@frettabladid.is

Örstutt frá Akureyri reka hjónin Hrefna Laufey Ingólfsdóttir og Árni Sigurðsson húsasmíðameistari gistiheimilið Ása. Hrefna leggur mikla ástríðu og natni í starf sitt að taka á móti gestum og er sérstaða hennar morgunverðurinn og heimalagaður matur þar sem íslenskt hráefni er í forgrunni.

Gistiheimilið Ásar er staðsett á fallegum stað í Eyjafirðinum, um það bil 10 kílómetra fjarlægð frá Akureyri, þar sem mikil veðursæld ríkir og blómlegt gróðurfar. Hrefna nýtur þess að taka á móti gestum gistiheimilisins sem og hópum í mat en hægt er að bóka morgunmat á Ásum án þess að vera í gistingu þar. Einnig er hægt bóka hópa í mat, sem nýtur mikilla vinsælda, og snæða í félagsskap þeirra hjóna.

„Þá bjóðum við upp á ekta íslenskan heimilismat sem erlenda ferðamanninum finnst einstök upplifun að njóta. Oftar en ekki snæðum við gestgjafarnir með þeim hópum sem koma og eru það ómetanlega skemmtilegar samverustundir," segir Hrefna.

Morgunmaturinn er sérstaða Hrefnu og býður hún upp á heimabakað brauð, heimatilbúið múslí ásamt heimagerðum sultum og fleira góðgæti, eins og krúttlega sæta bita og heimabakaðar kleinur.

„Hér líður mér best, eldhúsið er minn staður og mér þykir skipta miklu máli að taka vel á móti gestum okkar," segir Hrefna og bætir við að hún elski hreinlega að vera í eldhúsinu að framreiða heimagerðar kræsingar og dekka upp fallegt morgunverðarborð.

„Við fáum hópa í mat frá Bandaríkjunum. Þetta eru vel skipulagðar ferðir með ameríkskri ferðaskrifstofu. Hóparnir eru litlir og fáum við mest átta manns í einu. Þau stoppa hjá okkur í tvo tíma og vilja fræðast um alls konar og segja okkur frá sér. Þetta eru mjög skemmtilegir hópar og við höfum mjög gaman af þessu. Við tökum á móti nokkrum hópum á vorin og nokkrum á haustin. Við höfum yfirleitt boðið þeim upp á þorskhnakka, ofnbakaðar kartöflur, ferskt salat, mangósósu og heimabakað brauð. Það slær ávallt í gegn og þeim sem koma finnst það mikil matarupplifun að koma og fá íslenskan heimilismat," segir Hrefna.

Gistiheimilið Ásar er einstaklega huggulegt og rómantískt en þegar börn þeirra hjóna fluttu að heiman breyttu hjónin heimili sínu í gistiheimili, enda hafði það verður draumur Hrefnu í mörg ár að fara í ferðaþjónustuna og bjóða upp á persónulega gistingu og þjónustu. Hrefna er kennaramenntuð og hefur í mörg ár starfað sem slíkur í Hrafnagili en nú á ferðaþjónustan hug hennar allan. Það sést að Hrefna sinnir gistiheimilinu af mikilli ástríðu og natni, hjá henni verða öll smáatriði að ævintýralegri upplifun. Hún leggur upp úr því að hafa gistinguna heimilislega án þess að vera með of mikið af munum.

Á gistiheimilinu eru fjögur herbergi, með stílhreinu og rómantísku ívafi. Fallega uppábúið rúm, þar sem hugsað er fyrir hverju smáatriði og sloppar og inniskór fylgja öllum herbergjum. Á gistiheimilinu er pallur með heitum potti á besta stað þar sem útsýnið skartar sínu fegursta yfir Eyjafjörðinn og fjallasýnin er stórbrotin.

„Ég ætla að gefa lesendum uppskriftina að þorskhnökkunum og mangósósunni en þetta er réttur sem við bjóðum gestum okkar gjarnan upp á. Ég er búin að senda þessar uppskriftir út um allan heim. Þetta eru reyndar ekki beint uppskriftir, meira svona slatti og sletta." ■

Hrefna Laufey Ingólfsdóttir og eiginmaður hennar, Árni Sigurðsson, eiga og reka gistiheimilið Ása í Eyjafjarðarsveit þar sem rómantík og dulúð svífur yfir. MYNDIR/AÐSENDAR

Herbergin eru stílhrein þar sem rómantíkin svífur yfir.

Hvítlauks- og sítrónumaríneraður þorskhnakki með mangósósu nýtur mikilla vinsælda hjá ferðamönnum.

Heimalagaði morgunverðurinn er sérstaða Hrefnu og fangar morgunverðarborðið auga og munn enda mikill menntaður lagður í það.

> **Þetta eru ekki beint uppskriftir, meira svona slatti og sletta.**
>
> Hrefna Laufey Ingólfsdóttir

Hvítlauks- og sítrónumaríneraðir þorskhnakkar

1 kg þorskhnakkar
1 dl ólífuolía
Safi og rifinn börkur af einni sítrónu
2-3 hvítlauksrif
Fersk steinselja, söxuð
Best á fiskinn-krydd

Olía, sítrónusafi og börkur, hvítlaukur, krydd og steinselja hrært saman. Hnakkarnir skornir í bita og lagðir í löginn.
Hrært saman. Láta þetta liggja í kæli í nokkra klukkutíma. Sett í eldfast mót og sett inn í ofn á 190 °C í 13 mínútur.

Mangósósa

1 dós sýrður rjómi
1 dós sýrður rjómi með lauk og graslauk
2 hvítlauksrif
2–3 msk. mangó chutney
2 tsk. sætt sinnep

Allt hrært saman og passar mjög vel með fiskinum, kjúklingi, salati, bara flestöllu. Þessi sósa slær alltaf í gegn.

FRÉTTABLAÐIÐ

Atvinnublaðið

Mest lesna atvinnublað Íslands*

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625, Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is 550 5621

*Neyslukönnun Gallups 2018, allt land, 18-80 ára

job

ÞAÐ ERU SPENNANDI TÍMAR HJÁ OKKUR...

KOMDU Í HÓPINN!

Vegna mjög góðrar verkefnastöðu hjá fyrirtækinu, sækjumst við hjá VHE eftir öflugu og góðu fólki til að ganga til liðs við okkar reynslumikla teymi í Hafnarfirði.

Inná verkstæðin viljum við ráða:

Vélfræðinga / Vélstjóra
Rafeindavirkja
Rennismiði
Vélvirkja
Suðumenn
Rafvirkja

Á Verkfræðideild:

Vélahönnuði

Og þvert á fyrirtækið:

Öryggisstjóra

Hæfni- og menntunarkröfur:

Við gerum þær kröfur að fólk hafi þá menntun eða reynslu sem þarf fyrir hvert starf.

Við viljum vönduð og góð vinnubrögð.

Við tölum bæði íslensku og ensku á okkar vinnustað, það er nauðsynlegt að kunna annað hvort.

Sjálfstæði í starfi og áhugi á fjölbreyttum verkefnum eru eiginleikar sem virka vel hjá okkur.

Við setjum markmiðin hátt og viljum veita eftirsóknarverða þjónustu, framleiða eftirsóknarverða vöru og vera eftirsóknarverður vinnustaður.

Komdu og vertu með!

Due to excellent project status for the next few years we are looking for good and enthusiastic people to join our great team in Hafnarfjörður.

For our workshops we want to hire:

Engineers
Electronics engineers
Turners, lathe and milling workers
Mechanics
Welders
Electricians

For our engineer department:

Mechanical engineers

And for all departments:

HSE Specialist

Competences and Qualifications:

We expect that our people have the education or experience needed for each job.

We want good quality work and workmanship.

We use both Icelandic and English in our workplace, it is necessary to know either one.

Independence in work and a genuine interest in diverse projects are qualities that work very well for us.

We set our goals high as we want to provide desirable services, desirable products and be a desirable workplace.

Come and join the team!

Til að sækja um eða fá frekari upplýsingar, sendið póst á Hjalta Kristinn Unnarsson, sviðstjóra Véla- og málmtæknisviðs:
hjaltikr@vhe.is
Umsóknarfrestur er til og með 31.júlí 2022

VHE

Sími 575 9700 • www.vhe.is

MOSFELLSBÆR

Verkefnastjóri Eignasjóðs

Umhverfissvið Mosfellsbæjar leitar að verkefnastjóra Eignasjóðs

Mosfellsbær er sveitarfélag í örum vexti og undanfarin ár hefur uppbygging verið mikil og fólksfjölgun í samræmi við það. Áform eru um frekari framkvæmdir innan sveitarfélagsins í takt við þéttingu höfuðborgarinnar í heild. Umhverfissvið vinnur að metnaðarfullum verkefnum til að gera Mosfellsbæ áfram að spennandi búsetukosti. Á sviðinu starfar fjölbreyttur hópur einstaklinga með ólíka sérfræðikunnáttu. Verkefnastjóri Eignasjóðs hefur umsjón með útboðum, samningum og eftirlit með verktökum.

Verkefnastjóri annast undirbúning og umsjón framkvæmda á mannvirkjum bæjarfélagsins og ber ábyrgð á að framkvæmdir séu innan heimilda gildandi fjárhagsáætlunar.

Verkefnastjóri veitir ráðgjöf vegna hönnunar, framkvæmda og búnaðarkaupa stofnana. Verkefnastjóri skal sýna nákvæmni við utanumhald verkefna og eiga góð samskipti.

Mosfellsbær er öflugt og eftirsótt sveitarfélag þar sem gildin virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja eru leiðarljós starfsmanna í daglegu starfi.

Sækja skal um starfið á ráðningarvef Mosfellsbæjar, www.mos.is/störf

Menntunar- og hæfnikröfur:

- Verk-, tæknifræði- eða byggingafræðingsmenntun (B. Sc.)
- Framhaldsmenntun sem nýtist í námi er æskileg (s.s. M.Sc) og/eða önnur tengd menntun á sviði mannvirkjagerðar svo sem húsasmíði
- Reynsla á sviði mannvirkjagerðar (að lágmarki 2 ár) er æskileg
- Reynsla og þekking á stjórnun og þá sérstaklega verkefnastjórnun er nauðsynleg
- Þekking á samningagerð vegna hönnunar og framkvæmda
- Haldbær þekking og reynsla á lagaumhverfi umhverfismála og framkvæmda er kostur
- Reynsla af opinberri stjórnsýslu er kostur
- Góð þekking á Excel, Microsoft Project, teikniforritum og öðrum forritum sem notuð eru við áætlunargerð og framkvæmdi
- Góðir samskiptahæfileikar, þjónustulipurð og hæfni í mannlegum samskiptum nauðsynlegir
- Góðir skipulagshæfileikar, nákvæmni og samviskusemi skilyrði
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og hröð úrlausn verkefna er nauðsynleg
- Góð íslenskukunnátta er skilyrði, færni í erlendum tungumálum er kostur

Umsóknarfrestur er til og með 04. Júlí 2022.

Umsóknir skulu innihalda starfsferilsskrá og kynningarbréf sem greinir frá reynslu, menntun og fyrri störfum ásamt rökstuðningi fyrir hæfni í starfið. Nánari upplýsingar um starfið er að finna á ráðningarvef Mosfellsbæjar en auk þess veitir Jóhanna B. Hansen framkvæmdastjóri umhverfissviðs upplýsingar í síma 525 6700. Um framtíðarráðningu er að ræða. Öllum umsóknum verður svarað. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Ráðið er í öll störf óháð kyni.

Þverholti 2 | 270 Mosfellsbær | Sími 525 6700 | mos.is

VERÐBRÉFAMIÐSTÖÐ ÍSLANDS

Framkvæmdastjóri

Verðbréfamiðstöð Íslands hf. (VBM) hefur starfsleyfi sem verðbréfamiðstöð og heyrir undir Fjármálaeftirlit Seðlabankans. VBM sér um útgáfu rafrænt skráðra fjármálagerninga og skráningu eignaréttinda yfir þeim samkvæmt lögum og reglum sem um starfsemina gilda. Einnig rekur VBM verðbréfauppgjörskerfi og annast uppgjör verðbréfaviðskipta með rafrænt skráða fjármálagerninga samkvæmt viðskiptafyrirmælum frá reikningsstofnunum sem eru aðilar að kerfi VBM. Félagið er í breiðri eigu fagfjárfesta, lífeyrissjóða og banka. Hjá VBM starfa í dag 5 starfsmenn.

Verðbréfamiðstöð Íslands hf. (VBM) leitar að öflugum framkvæmdastjóra.
Í boði er fjölbreytt og krefjandi starf sem reynir á frumkvæði og metnað til að ná árangri.
Framkvæmdastjóri heyrir undir stjórn VBM og starfar náið með henni.

Helstu verkefni:

- Daglegur rekstur, fjármál og stjórnun.
- Áhættustýring, regluvarsla, innra eftirlit og samskipti við eftirlitsaðila.
- Samskipti við viðskiptavini, samningagerð og öflun nýrra viðskiptavina.
- Vöruþróun, stefnumótun og innleiðing stefnu.
- Undirbúningur stjórnarfunda og upplýsingagjöf.

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla á sviði stjórnunar og rekstrar.
- Árangursrík reynsla og þekking af ferli verðbréfaviðskipta og uppgjörs.
- Próf í verðbréfaviðskiptum er kostur.
- Leiðtogahæfni og framúrskarandi samskiptahæfni.
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri.
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

Umsóknarfrestur er til og með 18. júlí nk.

Sótt er um starfið á **www.vinnvinn.is**.

Umsjón með starfinu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar@vinnvinn.is) og Garðar Ó. Ágústsson (gardar@vinnvinn.is).

vinnvinn
RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

Vinnvinn | Kringlan 7 | 103 Reykjavík
Sími 552 1212 | vinnvinn@vinnvinn.is | www.vinnvinn.is

RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

FSRE
AÐSTAÐA Í ALLRA ÞÁGU

Viltu móta framtíðina
með okkur?

DEILDARSTJÓRI VIÐHALDS FASTEIGNA

Framkvæmdasýslan - Ríkiseignir leitar að öflugum leiðtoga til að sjá um rekstur og uppbyggingu viðhaldsdeildar FSRE. Um er að ræða krefjandi stjórnunarstarf í stofnun sem er á fullri ferð inn í framtíðina.

Helstu verkefni

- Daglegur rekstur og ábyrgð á mannauðsmálum deildar.
- Ábyrgð á viðhaldsáætlun eignasafns.
- Þátttaka í stefnumótandi áætlanagerð um eignir í eignasafni.
- Stjórnun innkaupa deildarinnar og ábyrgð á innkaupaferlum.
- Samskipti við ráðgjafa og birgja um viðhalds- og rekstrarmál.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf á sviði mannvirkjagerðar. Framhaldsmenntun er kostur.
- Próf í iðngrein á sviði mannvirkjagerðar er kostur.
- Farsæl reynsla af stjórnun.
- Reynsla af verklegum framkvæmdum er kostur.
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er kostur.
- Ríkir samskiptahæfileikar, jákvætt og lausnamiðað viðhorf.
- Leiðtogahæfileikar, frumkvæði, fagmennska og sjálfstæði.

FRAMKVÆMDASÝSLAN - RÍKISEIGNIR

Þróar og rekur aðstöðu á vegum ráðuneyta, stofnana og annarra ríkisaðila og gegnir með því mikilvægu hlutverki í þjónustu við borgarana.

Við erum í dag rúmlega 60 starfsmenn með fjölbreyttan bakgrunn og byggjum saman á gildunum: FRAMSÝNI, SAMVINNA OG FAGMENNSKA.

Eignasafn FSRE samanstendur af 530 þúsund m² húsnæðis í 380 eignum auk um 300 jarða og landsvæða.

Um þessar mundir vinnum við að um 130 þróunarverkefnum sem snerta flest svið mannlífsins; s.s. heilbrigðis- og velferðarmál, menningu, menntun, löggæslu, dómskerfi, náttúru og friðlýst svæði.

www.fsre.is

UMSÓKNARFRESTUR ER TIL OG MEÐ 11. JÚLÍ
Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og þarf henni að fylgja starfsferilskrá og ítarlegt kynningarbréf.
Nánari upplýsingar veita Thelma Kristín Kvaran, thelma@intellecta.is, og Hafdís Ó. Pétursdóttir hafdis@intellecta.is, í síma 511 1225

intellecta

RÁÐNINGAR

Árangur fyrirtækja ræðst af þekkingu, getu og reynslu starfsmanna.

Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er hagur bæði fyrirtækis og viðkomandi einstaklings að vel takist til.

Hafðu samband við okkur og sjáðu hvað við getum gert fyrir þig.

Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

VEGNA OPNUNAR
Á NÝJU BÍLAAPÓTEKI
VANTAR OKKUR
LYFJAFRÆÐINGA

Lyfjaval opnar bílaapótek í Reykjanesbæ í haust og vantar lyfjafræðinga í fullt starf og hlutastarf.

Áhugasamir sendi ferilskrá og umsókn á svanur@lyfjaval.is.

Lyfjaval
HEILSA & HAMINGJA

Sveitarstjóri Kjósarhrepps

Kjósarhreppur óskar eftir að ráða framsækinn einstakling í starf sveitarstjóra. Sveitarfélagið er vel rekið og innan þess eru mikil tækifæri. Leitað er að aðila sem hefur brennandi áhuga á að taka þátt í að móta framtíðarsýn þess og stuðla að faglegri stjórnsýslu.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Daglegur rekstur sveitarfélagsins og ábyrgð á framkvæmd ákvarðana hreppsnefndar
- Yfirumsjón með skipulagi og virkni stjórnsýslu
- Náið samstarf við hreppsnefnd, undirbúningur og upplýsingagjöf á fundum hreppsnefndar
- Hagsmunagæsla og samskipti við íbúa, stofnanir, samtök og fyrirtæki

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Farsæl reynsla af stjórnun, mannauðsmálum, stefnumótun og rekstri
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu, einkum sveitarfélags er æskileg
- Leiðtogahæfni og framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og skipulagshæfni
- Hæfni í framsetningu á efni í ræðu og riti
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er kostur

Kjósarhreppur er dreifbýlishreppur í nágrenni við Reykjavík. Íbúar þess eru um 260 og er víða skipulögð sumarhúsabyggð. Kjósin þykir státa af fallegu landslagi og náttúrufegurð sem er víða ósnortin en að öðru leyti er hún skipulagt landbúnaðarsvæði. Þar fyrirfinnst ein elsta kirkja landsins og einnig hið þekkta félagsheimili Ungmennafélagsins Drengs, Félagsgarður. Helstu upplýsingar um Kjósarhrepp má finna á **www.kjos.is.**

Umsóknarfrestur er til og með **11. júlí 2022**. Umsókn óskast fyllt út á **www.intellecta.is** og þarf henni að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi. Umsóknir gilda í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Nánari upplýsingar veita Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) og Hafdís Ósk Pétursdóttir (hafdis@intellecta.is) í síma 511 1225.

intellecta
Ráðgjöf | Ráðningar | Rannsóknir

SJÚKRAÞJÁLFUN KÓPAVOGS EHF

Móttökuritari

Fullt starf | Móttaka

50-70% starf í móttöku á sjúkraþjálfunarstofu í Kópavogi.
Starfið er laust frá 1. júlí eða eftir samkomulagi.

Sjá nánar á Job

job
Finnum draumastarfið saman

intellecta.is

RÁÐNINGAR

RÍKISKAUP
AÐILI AÐ RAMMASAMNINGI

intellecta

STÖRF HJÁ GARÐABÆ

Leikskólinn Holtakot
- Deildarstjóri
- Leikskólakennari
- Sérkennslustjóri

Íþróttamiðstöðvar Garðabæjar
- Störf í Ásgarði

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar má finna á ráðningarvef Garðabæjar **https://starf.gardabaer.is**

GARÐABÆR
gardabaer.is

Staða **íslensks dómara** við Mannréttindadómstól Evrópu

Kjörtímabil íslensks dómara við Mannréttindadómstól Evrópu rennur út hinn 31. október 2022. Evrópuráðið hefur því farið þess á leit að tilnefnd verði af Íslands hálfu þrjú dómaraefni en skv. 22. gr. mannréttindasáttmálans, sbr. lög nr. 62/1994, eru dómarar við Mannréttindadómstólinn kjörnir af þingi Evrópuráðsins af lista með þremur mönnum sem samningsaðili tilnefnir.

Mannréttindadómstóll Evrópu í Strassborg fjallar um mál sem til hans er vísað af einstaklingum og samningsaðilum vegna meintra brota á ákvæðum mannréttindasáttmála Evrópu eða samningsviðaukum við hann. Dómstóllinn er skipaður einum dómara frá hverju samningsríkja.

Um hæfisskilyrði dómara við Mannréttindadómstólinn er fjallað í 21. gr. mannréttindasáttmálans og kemur þar fram að dómarar skuli vera grandvarir og verði annaðhvort að fullnægja kröfum um hæfi til að gegna æðri dómarastörfum eða vera lögvísir svo orð fari af. Þeir skuli skipa sæti sitt sem einstaklingar og meðan kjörtímabil þeirra varir skuli þeir ekki taka þátt í neinni starfsemi sem sé ósamrýmanleg sjálfstæði þeirra, hlutleysi eða kröfum sem gerðar eru til fulls dómarastarfs. Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skulu umsækjendur vera yngri en 65 ára daginn sem þingið biður um lista með þremur mönnum, sjá nánar í 22. gr. Sú dagsetning er 25. ágúst 2022.

Sérstök athygli er vakin á því að dómstóllinn gerir þá kröfu að dómari hafi gott vald bæði skriflega og munnlega á öðru tveggja opinberra tungumála réttarins, þ. e. ensku og frönsku, og nokkurn skilning á hinu. Dómstóllinn leggur áherslu á að á listanum séu ekki aðeins dómaraefni af einu kyni.

Hér með gefst þeim sem áhuga hafa á að vera tilnefnd af Íslands hálfu sem dómaraefni við mannréttindadómstólinn kostur á að senda forsætisráðuneytinu umsókn sína eigi síðar en 8. ágúst 2022. Umsóknir og fylgigögn óskast send til forsætisráðuneytisins, Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg, 101 Reykjavík og á netfangið for@for.is.

Er þess óskað að umsóknir berist á íslensku, ensku og jafnframt á frönsku ef unnt er á sérstökum umsóknareyðublöðum Evrópuráðsins.

Til þess að hraða afgreiðslu umsókna og bréfaskiptum er áskilið að umsækjendur gefi upp netfang sem notað verður til að eiga samskipti við umsækjendur. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um tilnefningu liggur fyrir.

Fimm manna hæfnisnefnd mun meta umsóknir sem berast. Mun hæfnisnefndin skila umsögn um umsækjendur og gera rökstudda tillögu um hver þeirra teljist hæfust til að vera tilnefnd. Tilnefningar stjórnvalda verða byggðar á þessari tillögu.

Frekari upplýsingar veitir Steinunn Valdís Óskarsdóttir, skrifstofustjóri, í síma 545 8400, netfang: steinunn.valdis.oskarsdottir@for.is.

Nánari upplýsingar er að finna á vefslóðinni
https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/auglysingar/auglysing/2022/06/22/Stada-islensks-domara-vid-Mannrettindadomstol-Evropu/

Forsætisráðuneytinu,
22. júní 2022

Stjórnarráð Íslands
Forsætisráðuneytið

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Starf sérfræðings í málefnum barna laust til umsóknar

Samband íslenskra sveitarfélaga hyggst ráða sérfræðing í málefnum barna
Sérfræðingurinn mun starfa með öðrum sérfræðingum sambandsins að fjölbreyttum verkefnum á sviði fræðslumála og félagsþjónustu. Helstu verkefni tengjast samþættingu farsældarþjónustu í þágu barna, sem m.a. snýr að leik- og grunnskólastarfi, frístundaþjónustu og annarri þjónustu við börn. Mikil áhersla er á teymisvinnu.

Gerð er krafa um háskólapróf sem nýtist í starfi auk víðtækrar reynslu og þekkingar á þjónustu við börn, ásamt áhuga á málefnum sveitarfélaga. Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er æskileg. Gott vald á íslensku máli í ræðu og riti og hæfni í framsetningu upplýsinga er skilyrði. Góð kunnátta í a.m.k. einu öðru Norðurlandamáli og ensku er æskileg.
Leitað er að einstaklingi sem hefur til að bera frumkvæði, sjálfstæði, ríka þjónustulund, hæfni í mannlegum samskiptum, vilja til teymisvinnu, nákvæmni í vinnubrögðum og forystu- og skipulagshæfileika. Jafnræðis skal gætt í hvívetna við ráðningu og leitast er við að starfsmannahópurinn endurspegli fjölbreytileika samfélagsins.

Um er að ræða fullt starf og æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf í október.

Óstaðbundið starf
Föst starfsaðstaða getur verið utan höfuðborgarsvæðisins, að þeirri forsendu uppfylltri að mögulegt verði að tryggja fullnægjandi starfsaðstöðu nærri heimili umsækjanda en einnig á skrifstofu Sambands íslenskra sveitarfélaga í Reykjavík.

Umsóknarfrestur til 10. júlí

Ferilskrá og kynningarbréf, merkt „Umsókn um starf sérfræðings í málefnum barna", berist eigi síðar en sunnudaginn 10. júlí nk. til Sambands íslenskra sveitarfélaga, Borgartúni 30, pósthólf 8100, 128 Reykjavík, eða netfangið: samband@samband.is.

Alþjóðlega heimildarmyndahátíðin IceDocs var sett í fjórða sinn á Akranesi síðastliðinn miðvikudag. Fjölbreytt dagskrá hefur verið í bænum síðustu daga en hátíðinni lýkur á morgun.

Ingibjörg Halldórsdóttir, einn stofnenda hátíðarinnar, segir stemninguna í bænum góða. Tuttugu erlendir gestir eru á staðnum í tengslum við hátíðina, en hún hefur einnig verið vel sótt af heimafólki og innlendum gestum.

Fyrir þau sem vilja leggja leið sína upp á Skaga um helgina er af nógu að taka. Ingibjörg nefnir sérstaklega sýningu á myndinni Young Plato, sem er heimildarmynd um drengjaskóla á Norður-Írlandi, en aðalsöguhetja myndarinnar, skólastjórinn Kevin McArevey, er gestur á hátíðinni. Kevin mun svara spurningum áhorfenda að sýningu lokinni en Sólveig Jónsdóttir stýrir umræðunum.

„Kevin er norður-írskur skólastjóri í drengjaskóla þar. Hann notar heimspeki mikið í skólastarfinu til að kenna börnunum virðingu gagnvart hvert öðru og annað slíkt. Inn í heimspekina vefjast þessi átök sem hafa verið á svæðinu og hvernig er best fyrir börnin að bregðast við því ástandi. Í lýsingu myndarinnar segir að viska grísku heimspekinganna sé notuð til þess að berjast gegn fátækt, fíkniefnavanda og Írska lýðveldishernum og til þess að endurvekja von í hjarta illa leikins samfélags," segir Ingibjörg.

„Í myndinni er fylgst með skólastarfinu. Þetta er mjög skemmtileg mynd en hún hefur verið þessi óvænta mynd á hátíðum í ár. Mynd sem enginn bjóst við miklu af en svo hefur hún verið mjög vinsæl og hlotið fullt af verðlaunum."

Ókeypis aðgangur

Alla helgina verður hægt að horfa á áhugaverðar heimildarmyndir hvaðanæva að úr heiminum í Bíóhöllinni á Akranesi, en ókeypis er inn á allar myndirnar. Þetta er því tilvalið tækifæri fyrir heimafólk að skella sér í bíó en líka fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins að skella sér upp á Skaga, horfa á eina til tvær heimildarmyndir og njóta svo þess sem bærinn hefur upp á að bjóða. Kíkja á Langasand, skella sér í Guðlaugu og fá sér að borða á einum af veitingastöðum bæjarins.

Fyrir barnafólk er líka margt skemmtilegt í gangi á hátíðinni, en fyrr í vikunni var haldið námskeið í heimildarmyndagerð fyrir 8-12 ára börn. Á námskeiðinu voru gerðar 10 heimildarmyndir sem verða sýndar klukkan 12.00 á Bókasafni Akraness.

„Við verðum líka með barnakarnival við Bíóhöllina á milli 12.30 og 14.00. Þar verður ratleikur. Bollywood-dansar, phenakistoscope-gerð, sem er gömul aðferð til að búa til hreyfimyndir, og margt fleira skemmtilegt. Þá verða einnig veitingar í boði," segir Ingibjörg.

Í kvöld verður haldið ball með Inspector Spacetime, Högna Egils og DJ Ívari Pétri og segist Ingibjörg vonast til að sem flestir mæti og dansi fram á nótt.

„Á morgun verður svo lokaathöfnin og verðlaunaafhending. Dómnefndir veita verðlaun fyrir bestu myndir hátíðarinnar og besti áhorfandinn fær áhorfendaverðlaun," segir hún.

Ingibjörg segir að hátíðin sé farin að festa sig í sessi sem fastur viðburður á Akranesi og heimafólkið taki henni fagnandi.

„Við erum mjög ánægð með þátttöku þeirra." ■

Allar upplýsingar um dagskrána má finna á Icedocs.is

Góð stemning hefur verið á hátíðinni í vikunni. MYND/GUNNLÖÐ JÓNA RÚNARSDÓTTIR

Stilla úr myndinni Young Plato sem fjallar um skólastjórann Kevin sem notar heimspeki við að kenna drengjum samskipti. MYND/AÐSEND

Eliza Reid flutti opnunarávarp við setningu hátíðarinnar á miðvikudagskvöldið.

AYJA - K129
3ja sæta, 2ja sæta og stóll.
Margir litir af áklæði eða leðri.

Komið og skoðið úrvalið

NÝFORM
HÚSGAGNAVERSLUN
Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupum bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

Þjónusta

Garðyrkja

ÖLL ALMENN GARÐVINNA
Mah ehf tekur að sér alla almenna garðvinnu. Runnaklippingu, garðslátt, beðahreinsun, Gerum tilboð ykkur að kostnaðarlausu. Sanngjörn verð, góð samskipti og vönduð vinnubrögð. Hafið samband í 539-5098 eða á mah@mah.is

Almenn garðaumsjón, sláttur, klippingar og fl. Halldór garðyrkjumaður. S: 790 9021 og 698 1215

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Töfluskipti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Húsaviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Keypt & Selt

Til sölu

myranaut

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Heilsa

Heilsuvörur

Nudd

HEILSUNUDD KLASSÍSKT
Þjáist þú af bakverkjum, stífleika í baki, verkjum í öxl og hálsi? 20% afsláttur af 80 mín Heilsunudd Klassískt. Verð 14.900 en með afsl. 11.900,-kr Hringdu í síma 770 1739 eða sendu sms til að panta tíma. Heilsunudd Snyrtistofa Laugavegur 71, 101 Reykjavík.

Skólar & Námskeið

Námskeið

ICELANDIC, ENGLISH, NORWEGIAN, DANISH & SWEDISH F. FOREIGNERS - ENSKA, NORSKA, DANSKA, SÆNSKA
Only 1-4 students per course ! Special Icelandic for Thais, Vietnamese and Chinese. Sérnámskeið: Íslenska f. Tælendinga, Víetnama og Kínverja. Einnig Sérnámskeið fyrir Heibrigðisstarfsfólk/Also Special courses for Health Personell. Enska fyrir Leiðsögumenn/ Icelandic for Guides. Start/Byrjun: 20/6, 4/7, 18/7, 8/8, 15/8, 5/9, 19/9, 3/10 : * 4 weeks x 5 workdays or/ eða * 10 weeks/vikur x Sat/Sun/ lau/sun. AM & PM/f.h&e.h. Price/ verð: 49.500. Labour Unions pay back 50-90 % of price. Stéttarfélög endurgreiða 50-90% námsgjalds. www.iceschool.is . ff@icetrans. is - facebook.com/icetrans. IceSchool-Fullorðinsfræðslan, Ármúli 5. 108, s. 8981175.

Húsnæði

Atvinnuhúsnæði

Skrifstofu-vinnuherbergi ca. 9 fm, í Skútuvogi til leigu. Uppl. í s. 864 1219.

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Tilkynningar

Einkamál

Einhleyp flott kona 58 ára óskar eftir að kynnast manni á sama aldri. Heiðarlegum og traustum. Ekkert bull. Áhugasamir sendi póst á unnurfrida@gmail.com

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is



Halló pottur... ...hér kem ég!

Heitir og kaldir gæðapottar, ásamt miklu úrvali af fylgi- og aukahlutum fyrir pottinn og pottaferðina!

Pottarnir okkar eru fáanlegir í nokkrum litum.

Geirslaug 279.000 kr.

Snorralaug 299.000 kr.

Gvendarlaug 189.000 kr.

Unnarlaug 310.000 kr.

Sigurlaug (kaldi potturinn) 135.000 kr.

Grettislaug 259.000 kr.

Háfar, burstar, hitamælar, höfuðpúðar, hengirúm, klór, spil og margt fleira til að gera pottaferðina enn skemmtilegri.

NORMX

Auðbrekku 6 · Kópavogi · Sími 565 8899 · normx.is

Opið mán. - fim. 10-18, fös. 10-17 og lau. 10-14

Við hjá NormX höfum framleitt heita potta fyrir íslenskar aðstæður í yfir 40 ár. Við bjóðum fjölda gerða og lita ásamt öllu því sem tilheyrir til að koma sér upp glæsilegum heitum potti á verði sem kemur skemmtilega á óvart.

job

Finnum draumastarfið saman

Erum við að leita **að þér?**



Austurhólar 6 – Selfoss

Nýjar íbúðir til sölu

Við Austurhóla 6 á Selfossi er Stofnhús ehf. að reisa glæsilegt fjölbýlishús með 40 glæsilegum og vel skipulögðum íbúðum. Íbúðirnar eru tveggja til fjögurra herbergja og stærð þeirra er frá 55 til 110 m² með geymslu innan íbúðar. Með íbúðum á 1. hæð fylgir séreignarreitur (timburpallur) og rúmgóðar svalir fylgja íbúðum á 2. til 5. hæð.

- Allar íbúðir eru fullfrágengnar að innan með fallegum innréttingum.
- Kaupendum stendur til boða að uppfæra innréttingar og tæki.
- Á jarðhæð er hjóla- og vagnageymsla í sameignarrými.
- Möguleiki er að koma upp hleðslustöðvum fyrir rafmagnsbíla við bílastæði.
- Falleg náttúra er allt um kring og stutt er í ýmiss konar útivistarmöguleika.

Opið hús í Bankanum Vinnustofu, gamla Landsbankahúsnæðinu á Austurvegi 20 Selfossi sem hér segir:

Laugardagur **25.06.** frá kl. **14:00 – 15:00**
Sunnudagur **26.06.** frá kl. **14:00 – 15:00**

Nánari upplýsingar á stofnhus.is



LANDMARK FASTEIGNAMIÐLUN

Þórarinn Thorarensen
Löggiltur fasteignasali
770 0309 | th@landmark.is

BORG FASTEIGNASALA

Sigurður Fannar Guðmundsson
Löggiltur fasteignasali
897 5930 | siggifannar@fastborg.is

Stofnhús

Hlíðasmára 2 201 Kópavogi
stofnhus@stofnhus.is - stofnhus.is

Súsanna greindist með eitilfrumukrabbamein árið 2017. Í kjölfar krabbameinsmeðferða hefur hún glímt við ófrjósemi en í febrúar eignaðist hún dóttur með eiginmanni sínum eftir frjósemismeðferð í Grikklandi.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Grunaði ekki að ég væri með krabbamein

Birna Dröfn Jónasdóttir
birnadrofn
@frettabladid.is

Súsanna Sif Jónsdóttir greindist með krabbamein árið 2017 og hefur glímt við ófrjósemi síðan hún fór í sína fyrstu lyfjameðferð. Súsanna eignaðist stúlku í febrúar eftir fjölmargar tilraunir en krabbameinið hefur ágerst og stefnir Súsanna nú á stofnfrumumeðferð í Svíþjóð í ágúst.

„Ég vissi að ég var veik en mig grunaði ekki að ég væri með krabbamein," segir Súsanna Sif Jónsdóttir, en hún greindist fyrst með krabbamein árið 2017, þá aðeins 26 ára gömul.

„Ég var búin að vera veik lengi og fara á milli lækna en þeir héldu alltaf að þetta tengdist vefjagigt sem ég hafði greinst með sem barn," segir Súsanna. Þar til hún greindist með krabbameinið hafði hún í langan tíma verið slöpp og þreytt með hita ásamt því að hún hafði grennst mikið.

„Það var svo að ég held sjötti læknirinn sem ég fór til sem tók eftir því að ég var rauð á olnboganum og ákvað að taka sýni. Mér fannst þetta eitthvað skrítið af því ég hafði ekkert farið til hennar út af þessu en hafði verið svona í þrjú ár, hélt að þetta væri bara þurrkblettur," segir Súsanna.

Í ljós kom að hvítblóðkorn var að finna í sýninu og Súsanna var með eitilfrumukrabbamein. „Þegar læknirinn hringdi í mig var ég akkúrat á leiðinni til hennar og hún sagði mér að sleppa því bara og fara upp á spítala og hitta lækni þar," útskýrir hún.

„Ég spurði bara strax hvað væri í gangi og hún sagði að það væri varðandi sýnið og vildi ekki segja mér meira í gegnum símann, ég sagði bara: út með það, er ég með krabbamein eða ...?"

Súsanna segir að þegar læknirinn hafi svarað spurningu hennar játandi hafi henni verið mjög brugðið og kviðið því að segja fjölskyldu sinni fréttirnar. Súsanna er enn með krabbameinið sem hefur fylgt henni í fimm ár og margt hefur breyst hjá henni á þeim árum.

„Þegar ég greindist var mér sagt að við værum ekki mörg hérna á Íslandi með þetta krabbamein og að ég sé á fyrsta stigi og hafi líklega verið á því í mörg ár," segir Súsanna. „Svo var mér bent á að 90 prósent þeirra sem greinist með þetta krabbamein í heiminum fari aldrei af fyrsta stigi yfir á annað, þriðja eða fjórða stig og deyi því ekki úr sjúkdómnum heldur með hann."

Raunin varð önnur hjá Súsönnu sem hefur þurft að fara í fjölda geisla- og lyfjameðferða til að reyna að sigrast á krabbameininu. „Flestir sem greinast með eitilfrumukrabbamein finna það þegar eitlarnir stækka en mitt var fyrst bara í húðinni og kom fram í þessum blettum, eins og blettinum sem var á olnboganum," segir Súsanna sem er með fjölda bletta á líkamanum sem líkjast, líkt og henni fannst fyrst, einna helst þurrk- eða exemblettum.

„Þarna fyrst eftir að ég fékk að heyra að þetta væri á fyrsta stigi og verði líklega þannig, varð ég ekki beint hrædd eða stressuð og grunaði ekki að þetta væri svona alvarlegt. Ég átti bara að fara í ljósameðferðir og halda þessu niðri þannig," segir Súsanna, sem kláraði ljósameðferð og var farið að líða betur þar til hún fann einn daginn hnúð undir húðinni.

Við það breyttist allt og krabbameinið var ekki lengur eins auðvelt viðureignar og litið hafði út fyrir í upphafi. Það hafði stökkbreyst og Súsanna átti að fara í lyfjameðferð viku eftir að stökkbreytingin fannst.

„Ég skildi ekkert hvað var að gerast og að ég væri ekki ein af þessum 90 prósentum sem talað hafði verið um að myndu ekki deyja úr þessum sjúkdómi heldur með hann," segir hún.

30-70 prósent líkur á ófrjósemi

Í vikunni sem leið áður en Súsanna fór í lyfjameðferðina fóru læknarnir hennar vel yfir það sem fram undan var með henni. Þá fékk hún þær upplýsingar að um 30-70 prósent líkur væru á því að í kjölfar meðferðarinnar yrði Súsanna ófrjó.

> Ég sagði bara: út með það, er ég með krabbamein?



Súsanna varð mikið veik og missti allt hárið í sinni fyrstu lyfjameðferð.

Á heimasíðu Krafts, stuðningsfélags fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur þeirra, segir að konum sem gangast undir krabbameinsmeðferð sé ekki ráðlagt að verða barnshafandi meðan á meðferð stendur þar sem krabbameinsmeðferðin geti skaðað fóstrið. Slíkar meðferðir geti haft mismunandi áhrif á frjósemi bæði karla og kvenna.

Þá sé í vissum tilfellum hægt að örva eggjastokka kvenna áður en meðferð hefst til að hægt sé að ná úr þeim eggjum til að nota síðar í tæknifrjóvgun. Súsanna hafði nauman tíma áður en lyfjameðferð átti að hefjast og gat því ekki geymt egg. Hún var þá viss um það að hún vildi eignast barn en Súsanna eignaðist andvana son árið 2010.

„Ég hef verið móðir án barns í 12 ár og vissi strax að ég ætlaði að eignast barn og það tók á mig að heyra hversu miklar líkurnar á ófrjósemi væru hjá mér eftir lyfjameðferðina,"

Súsanna er bæði kvíðin og spennt fyrir stofnfrumumeðferðinni sem fram undan er. Hún lítur lífið björtum augum og reynir að lifa í núinu.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> Ég verð rosalega veik í þessu ferli, örugglega veikari en ég hef nokkurn tímann verið og ég er kvíðin fyrir því.

segir hún. „Þarna átti ég ekki mann og hafði nauman tíma en um leið og meðferðinni lauk fór ég og lét athuga stöðuna á frjóseminni hjá mér.“

Í ljós kom að eggjaforði Súsönnu, sem þá var 27 ára, var á við meðal eggjaforða konu á aldrinum 45–50 ára. Hún gerði sér því grein fyrir að hún þyrfti hjálp til að eignast barn.

„Þegar ég var í meðferðinni byrjaði ég svo með manninum mínum. Við höfðum verið vinir í mörg ár og ég var mjög opin með þetta allt við hann. Sagði honum á okkar fyrsta alvöru stefnumóti að ég ætlaði að eignast barn, hann gæti verið með ef hann vildi, annars myndi ég finna sæðisgjafa,“ segir Súsanna, sem á þessum tíma var búin að missa allt hárið og var mjög veik af lyfjunum.

„Og ekki nóg með það þá sagði ég honum að ef hann vildi vera með þá vildi ég giftast honum. Ég gat ekki hugsað mér að vera með krabbamein og barn en ógift,“ bætir hún við.

Bónorð á fyrsta stefnumóti

Arnar Gunnarsson, maðurinn sem um ræðir, tók þessu „eins og meistari“, segir Súsanna. Þau giftu sig síðasta sumar og eiga saman hina fjögurra mánaða Aþenu. „Ég sagði honum hundrað sinnum að hann mætti hlaupa í burtu, það er líklega það sem ég hefði gert, þetta er rosalegur pakki. En hann sagði mér að öllu fylgi einhvers konar pakki, í okkar tilviki vissi hann allavega hvað hann ætti í vændum.“

Súsanna og Arnar byrjuðu í ferli hjá Livio stuttu eftir að þau byrjuðu saman og var ferlið erfitt, tímafrekt og kostnaðarsamt. „Við fórum í þrjár meðferðir hérna á Íslandi sem kostuðu okkur ótrúlega mikið og tóku mikið á. Strax eftir aðra meðferðina áttaði ég mig á því að vonin var ekki mikil og mér var sagt að undirbúa mig fyrir vonbrigði,“ útskýrir Súsanna sem gat þó sótt um styrk í neyðarsjóð Krafts sem hún segir að hafi hjálpað þeim mikið.

Meðan á ferlinu stóð var Súsanna í stöðugu „limbói“ varðandi veikindi sín og eftir fyrstu lyfjameðferðina liðu einungis nokkrar vikur þar til aftur fannst krabbamein. Hún var og hefur verið mikið síðan í lyfja-, geisla- og ljósameðferðum. „Ég vissi aldrei og veit aldrei hvað gerist í næstu sýnatöku, ég vona alltaf að þetta sé bara nógu lítið því þá ráða ljósin við þetta.“

Eftir frjósemismeðferðirnar þrjár hér heima á Íslandi, sem ekki gengu upp, ákváðu Súsanna og Arnar að fara til Grikklands og sækja meðferð

Arnar með Aþenu litlu sem þau Súsanna eignuðust eftir fjórar frjósemismeðferðir. Sú síðasta sem þau hjónin fóru í fór fram í Grikklandi og heppnaðist vel.
MYND/AÐSEND

> Ég held að líkurnar á því að mér batni séu 50/50. Það eru ekki miklar líkur en klárlega meiri en líkurnar ef ég geri þetta ekki, þær eru engar.

þar. „Þarna höfðum við eytt öllum sparnaðinum okkar í meðferðir og ferðin til Grikklands og meðferðin kostuðu 1.200 þúsund krónur. Það er náttúrlega ótrúlegt að þetta kerfi sé svona og ég sá mikið eftir sparnaðinum sem átti að fara í eitthvað allt annað en að reyna að eignast barn af því ég fékk krabbamein, við áttum ekki krónu til að gera þetta,“ segir Súsanna.

Hún segist ævinlega þakklát vinkonum sínum sem settu af stað söfnun á Facebook og söfnuðu 800 þúsund krónum fyrir ferðinni og meðferðinni í Grikklandi. „Mér finnst ótrúlega erfitt að þiggja og betla peninga en þetta var þess virði,“ segir Súsanna og vísar til þess að meðferðin í Grikklandi gekk upp og hún varð ólétt af Aþenu.

„Það er bara mjög ósanngjarnt að sumt fólk þurfi að greiða svona háar upphæðir til þess að eignast börn þegar flestir geta gert það ókeypis heima hjá sér,“ segir Súsanna. „Að mínu mati ætti ríkið að taka miklu meiri þátt í því að niðurgreiða frjósemismeðferðir.“

Sjúkratryggingar Íslands greiða 5 prósent af fyrstu glasafrjóvgun og smásjárfrjóvgun og 30 prósent af öðru skipti. Þá eru 65 prósent kostnaðar við eggheimtu og frystingu eggfruma endurgreidd þegar um er að ræða konur með yfirvofandi ófrjósemisvandamál vegna fyrirsjáanlegrar lyfjameðferðar, geislameðferðar eða beinmergsflutnings.

Sama prósentuhlutfall er endurgreitt af kostnaði við að þíða egg og frjóvga, vegna ástungu á eista og frystingu sáðfruma þegar um er að ræða karlmenn með yfirvofandi ófrjósemisvandamál vegna fyrirsjáanlegrar krabbameinsmeðferðar og vegna geymslugjalds á frystum fósturvísum, eggfrumum eða sáðfrumum fyrir sama hóp.

Á vef Livio, fyrirtækis sem veitir meðferðir og stundar rannsóknir á ófrjósemi, kostar glasafrjóvgun 590 þúsund krónur, frysting fósturvísa kostar 49 þúsund og uppsetning þeirra kostar 250 þúsund krónur. Fari svo að kona notist við gjafaegg bætast 860 þúsund krónur ofan á glasafrjóvgunargjaldið. Ljóst er því að um háar upphæðir er að ræða.

Góðgerðarfélagið Lífskraftur stendur um þessar mundir fyrir vitundarvakningu og söfnun til stuðnings fjölskyldum og einstaklingum sem glíma við krabbamein og ófrjósemi í kjölfar krabbameinsmeðferðar. „Þörfin fyrir stuðning er brýn og mikilvægt að tryggja bæði fræðslu og efla ferla innan heilbrigðiskerfisins,“ segir í tilkynningu frá Lífskrafti.

Súsanna segir ómetanlegt að fólk leggi málefninu lið og segir það veita henni von. Fyrir fólk í hennar stöðu hafi það mikla þýðingu að fá aðstoð við ferlið sem fylgi ófrjósemi og sem dæmi gæti verið gott að geta leitað styrkja víðar. „Ég vona bara að sem flestir leggi þessari söfnun lið,“ segir hún.

„Núna er staðan hjá okkur til dæmis sú að þegar við keyptum meðferðina í Grikklandi tókum við tilboð með tveimur meðferðum, við vildum eiga annan séns ef meðferðin myndi ekki ganga en þar sem hún heppnaðist þá eigum við aðra inni,“ segir Súsanna.

„Þegar þau sögðu mér svo að ég færi í stofnfrumuskipti í ágúst, þá fórum við að skoða hvort við gætum ekki skellt okkur út í sumar til að nýta þessa meðferð og frysta þá kannski fósturvísa til að eiga eftir allt ferlið mitt. Því öll frjósemi verður 100 prósent farin eftir það. En flugið er svo dýrt að við sjáum ekki fram á að geta það með svona stuttum fyrirvara,“ útskýrir hún.

„Það er svo skrítið að hugsa til þess að Aþena eignist aldrei systkini. Nema með egggjöf kannski, þegar við höfum safnað, það er mjög dýrt að fá egggjafa. En ég finn að ég er að syrgja að hún eignist ekki systkini sem líkist henni í útliti. Það er svo sterkur ættarsvipur í minni fjölskyldu sem mér þykir svo vænt um. Það hefði verið dásamlegt að geta sótt um styrk fyrir svona, til dæmis.“

Kannski bjargar hún lífi mínu

Í ágúst fer Súsanna til Svíþjóðar í næstu meðferð, stofnfrumumeðferð, þar sem hún fær stofnfrumur úr konu sem skráð var sem stofnfrumugjafi í Þýskalandi. „Ég veit ekkert meira um hana nema að kannski mun hún bjarga lífi mínu.“

Meðferðin tekur mikið á, Súsanna þarf að vera á sjúkrahúsi í um það bil sex vikur en þarf að vera í Svíþjóð í þrjá mánuði undir eftirliti lækna og veit að hún verður mjög veik. „Um leið og Aþena fæddist og naflastrengurinn var klipptur byrjaði læknirinn að pota í mig en ég fann að ég var ekki tilbúin,“ segir Súsanna, sem vildi einbeita sér að Aþenu.

„Ég var með hana á brjósti og þegar við fórum til Svíþjóðar þarf að leggja mig strax inn á spítala, Aþena og Arnar verða með íbúð en mega ekki gista hjá mér þó að þau megi koma í heimsókn, en ef það kemur eitthvað upp, bara að hún fái kvef eða eitthvað, þá má ég ekki knúsa hana eða neitt því ónæmiskerfið mitt hrynur og mér finnst hún of lítil í þetta allt.“

Súsanna og læknarnir hennar komust að málamiðlun og fjölskyldan fer til Svíþjóðar í ágúst. Hún segist bæði spennt og kvíðin fyrir ferlinu sem fram undan er. „Ég held að líkurnar á því að mér batni séu 50/50. Það eru ekki miklar líkur en klárlega meiri en líkurnar ef ég geri þetta ekki, þær eru engar,“ segir hún.

„Ég verð rosalega veik í þessu ferli, örugglega veikari en ég hef nokkurn tímann verið og ég er kvíðin fyrir því,“ segir Súsanna. Hún þarf að fara í viku háskammta geisla- eða lyfjameðferð áður en stofnfrumumeðferðin sjálf hefst til að ná sem mestu af krabbameininu úr líkamanum.

„Ég var ekki alveg búin að hugsa út í þetta svona, en til dæmis ef ég fer í geislana þá þarf að setja niður sondu áður en meðferðin hefst af því ég mun bólgna svo mikið upp og ekki geta borðað. Það er ekki spennandi tilhugsun en á sama tíma veit ég að verðlaunin verða stór ef allt gengur vel,“ segir Súsanna.

Hún segist þó stilla væntingum sínum í hóf og búa sig undir það versta ef svo færi að meðferðin gengi ekki eins vel og hugsast getur. „Ég verð að vera viðbúin því að þetta virki ekki, af því ég veit að ef ég er ekki viðbúin þá gæti ég orðið svo reið út í lífið.“

Hún segist horfa bjartsýn á framtíðina og lífið með Aþenu og Arnari og reyni nú eftir mesta megni að temja sér að njóta augnabliksins. „Ég á það til að bíða eftir því að eitthvað klárist svo ég geti farið að njóta lífsins en ég ætla ekki að gera það núna,“ segir Súsanna.

„Ég er búin að læra það að maður veit aldrei hvað getur gerst og hamingjan er ekki bara handan við hornið, ég ætla ekki að bíða með það í fimm ár að njóta lífsins heldur bara gera það núna. Lífið er núna,“ segir Súsanna að lokum. ■

Eru einstök rafræn skírteini einstök vitleysa?

Nína Richter
ninarichter
@frettabladid.is

Á stafrænni öld er fjölföldun listaverka lítið mál. Framleiðendur og stofnanir hafa löngum barist við þessa hliðarafurð hins ótakmarkaða aðgengis og þannig hefur myndast þörf fyrir fyrirbæri á borð við NFT.

NFT er skammstöfun á enska heitinu Non-fungible token, sem er leið til að merkja stafræn listaverk og skapa þannig eins konar stafrænt vottorð um eignarhald sem síðan má kaupa og selja.

NFT-heimurinn er nátengdur rafmyntaheiminum og þar hefur dregið til tíðinda síðustu vikur þar sem stórar vendingar á mörkuðum sendu virði Bitcoin í lægstu lægðir síðan 2020 og The New York Times áætlaði að 300 milljarðar bandaríkjadala hefðu tapast á rafmyntamörkuðum á einni viku, svo að talað var um hrun.

En hvaða þýðingu hefur NFT tæknin fyrir listaheiminn og borgar það sig fyrir listamenn að stunda viðskipti á þessum nýja vettvangi? ■

Ljósmynd úr Geldingadölum eftir Cat Gundry-Beck, fagljósmyndara og áhugakonu um NFT-viðskipti.

Snjöll aukabúgrein

Cat Gundry-Beck er írskur ljósmyndari á Íslandi. Hún byrjaði að selja list á NFT-formi í fyrra eftir að vinur hennar, sem er á kafi í þeim bransa, hvatti hana eindregið til þess. Hún segist hafa hikað í fyrstu af ótta við að aukin samfélagsmiðlavinna myndi taka toll af geðheilsunni, en hún upplifði mikið álag vegna Instagram.

Cat segir þó Twitter-samfélagið hafa reynst nærandi. Hún kynntist kvennarýmum þar sem konur ræddu NFT-bransann og valdeflingu, meðal annars. „Þetta var líka dýrmæt þjálfun fyrir mig í að tjá mig á opinberum vettvangi. Þó að það sé ógeðslega krefjandi að gera það, þá var þetta líka öruggt svæði til að tjá sig þar sem enginn getur séð mann, þó að þarna séu kannski 200 manns að hlusta á mann tala," segir hún og bendir á að hún hafi nýtt reynsluna með hagnýtum hætti þegar henni var boðið í viðtal hjá írska ríkisútvarpinu. „Þá var miklu auðveldara að gera þetta, vegna þess að ég var orðin svo vön að tala fyrir framan fólk í gegnum rýmin á Twitter."

Cat segir NFT-bransann hafa kynnt hana fyrir fjölbreyttari hópi listafólks en hún hafði umgengist fram að því, sem hún segir hafa veitt sér mikinn innblástur. „Á Instagram ýtir reikniritinn þér út í að sjá bara eitthvað eitt ákveðið. Ég sé til dæmis eingöngu ferðaljósmyndir eða tískuljósmyndir," segir hún. „En á Twitter fékk ég að sjá alls konar NFT-list af öllum toga."

Aðspurð hvort tilkoma NFT-tækninnar hafi áhrif á hvers konar list hún sendi frá sér svarar hún játandi. Cat segir að innblásturinn hafi komið til hennar eitt kvöldið og hún hafi orðið svo gersamlega heltekin af hugmynd um níu mynda syrpu sem hana langaði að vinna, undir þema valdeflingar, og selja myndirnar sem NFT. Þegar þessi orð eru rituð eru fimm myndir seldar af átta og greitt í rafmynt.

„Ég hafði þessa hugmynd um að taka tvær ljósmyndir og láta þær spegla hvor aðra. Þetta var í fyrsta sinn í svo rosalega langan tíma sem ég var að búa til list, til þess eins að búa til list. Mér fannst ég orðin svo aftengd þessari hlið á sjálfri mér," segir hún.

Cat tekur dæmi um ljósmynd þar sem hún setti ísjaka á efri hluta myndar og lét eldfjall spegla jakann á neðri hluta myndarinnar. „Þetta var svo spennandi og ég varð að sjá strax hvort þetta virkaði." Hún gaf verkefninu titilinn „Moments of empowerment", eða „Augnabliks valdefling".

Cat Gundry-Beck ljósmyndari.
MYND/NORRIS NIMAN

Hverri og einni mynd fylgdi saga. „Hver saga var svona tvíþætt. Ein þeirra snerist um verk sem mér var boðið, verk sem mig langaði ekki að vinna, og mér fannst eitthvað hallærislegt að segja nei við peningum. Þetta var samt ekki það vel borgað og var ekki inni á mínu áhugasviði. Ég afþakkaði verkið og leið ömurlega yfir því. Ég hafði ekki verið með neitt annað á dagskrá þann dag. En ég vissi einhvern veginn að ég þyrfti að nýta þennan dag í að einblína á stefnuna sem ég vildi taka með ferilinn. Síðan var mér allt í einu boðið verkefni sem þurfti að gerast akkúrat þennan dag, fyrir hönnuð sem vinnur mikið með valdeflingu. Þetta var algjörlega á minni línu, og myndirnar eru með mínum eftirlætismyndum á ferlinum. Þetta var svakalega spennandi og þessi vinna leiddi af sér aðra töku sem síðan endaði í breska Vogue," segir Cat og hlær.

Hún kveðst fagna þessu tækifæri til að nota röddina. „Það eru svo fáir starfandi kvenljósmyndarar og fáar konur í NFT-geiranum. Mig langar að vera skapandi á þessu sviði svo að aðrir sjái að þetta sé hægt. Og svo langar mig að kasta niður reipinu og hífa annað fólk upp. Það er planið."

Cat er um þessar mundir stödd á NFT-ráðstefnu í New York. „Þar mætast fagmenn og listamenn úr bransanum og oftar en ekki eru NFT-safnarar sjálfir listamenn. Það er gott samfélag í kringum NFT, þar sem listamenn styðja aðra listamenn."

> Ég held að það séu kostir og gallar við NFT-heiminn. Umhverfishliðin á þessu er hrikaleg.
>
> Cat Gundry-Beck

Aðspurð hvort hún fái einhvern tímann efasemdir um lögmæti NFT svarar hún: „Já, alveg algjörlega. Ég held að það séu kostir og gallar við NFT-heiminn. Umhverfishliðin á þessu er hrikaleg. Þess vegna er ég ekki að hella mér alfarið í þetta," svarar hún. „Þetta er mjög „upp og niður-bransi" og getur rústað geðheilsunni hjá fólki ef öll eggin eru í þessari körfu. Ég sé þetta sem snjalla aukabúgrein," segir Cat Gundry Beck.

Vottunartæknin nauðsynleg

Að sögn Bergs Ebba Benediktssonar, rithöfundar og fyrirlesara, er óséð hvort NFT-tæknin, eða einstök rafræn skírteini, komi til með að þjóna hagsmunum fjármálaheimsins betur en þorra listafólks.

Bergur Ebbi hefur skrifað um framtíð stafrænnar tækni og samspil stafrænnar tækni og sköpunar. Hann hefur flutt fyrirlestra um tengd efni við Listaháskóla Íslands. Aðspurður um framtíð NFT í listheiminum, nefnir hann að rétt sé að byrja á að líta heildstætt á hagfræðilegan hluta skapandi greina.

„Samskipti fjármálaheimsins og listaheimsins er jafn gömul þeim báðum og þar er margt þversagnarkennt að finna," segir Bergur Ebbi.

Bergur Ebbi Benediktsson, fyrirlesari og rithöfundur.

Samstaðan um verðmæti

„Eins og fólk veit þá geta listaverk orðið gríðarlega verðmæt þó að langflest þeirra verði það ekki. Á ákveðnum tímum verður til samstaða um að listaverk eftir ákveðna höfunda frá ákveðnum tímabilum séu verðlögð hátt, og í raun er ekkert sem heldur uppi verði þessara verka annað en umrædd samstaða," segir hann.

Bergur Ebbi telur að slík samstaða náist aldrei að byggjast upp nema fyrir hendi sé kerfi sem vottar uppruna og sérstöðu listaverksins. Þegar komi að hefðbundnum listaverkum, til dæmis myndlistarverkum, sé slíkt kerfi í höndum alþjóðlegs nets listasafna, safnara, listfræðinga, gallería og uppboðshúsa, sem sum hafa aldalanga sögu.

Virði NFT byggt á spákaupmennsku

„En þegar kemur að stafrænum listaverkum hefur slíkt kerfi að litlu leyti verið til staðar. NFT gætu breytt því, og hafa gert það að ákveðnu leyti, því NFT er tækni sem vottar uppruna og viðskiptasögu verks – svipað og til dæmis stór uppboðshús gera þegar þau selja málverk á milljónir dollara," segir hann. „Hvort kerfi byggt á NFT-tækni sé nægjanlegt til að halda uppi umræddri samstöðu um virði listaverka getur aðeins tíminn leitt í ljós, en það er ljóst að einhverjir hafa mikla trú á því og það orsakar miklar verðhækkanir. En eins og þessi röksemdafærsla ber með sér, eru þær í raun að mestu byggðar á spákaupmennsku."

Bergur Ebbi bætir við að hvort NFT sé yfir höfuð gagnlegt listafólki feli einnig í sér þversagnir. „Í heimi lista höfum við í langan tíma horft upp á miklar öfgar í verðlagningu. Sum listaverk eru metin milljónfalt verðmætari en önnur. Það má meðal annars rekja til þess að það getur gagnast fjármálaheiminum að skapa eitthvað sem er ómetanlegt," segir hann.

List sem geymir og ver auð

Listaverk geti til dæmis verið metin gríðarlega verðmæt til að þenja út eignasöfn, og í raun kunni að vera erfitt að mótmæla því verði sem stillt er upp vegna þess að það er ekki hægt að bera eitt listaverk saman við annað, „því hvert og eitt þeirra er einstakt," segir hann. „Á þennan hátt hafa listaverk lengi verið notuð til að geyma og verja auð, sem að öðrum kosti væri eftir atvikum

> NFT er tækni sem vottar uppruna og viðskiptasögu verks – svipað og til dæmis stór uppboðshús gera. þegar þau selja málverk á milljónir dollara

bútaður niður og skattlagður eftir reglum hvers samfélags."

Bergur Ebbi segir að því sé hætt við að NFT muni á sambærilegan hátt breytast í kerfi sem henti fjármálaheiminum betur heldur en þorra listafólks, þó að ekki sé víst að svo verði. Hann telur allavega víst að NFT, eða sambærileg vottunartækni, verði nauðsynleg til að ljá stafrænni sköpun einhvers konar peningalegt gildi. „En hvernig þeim peningum verður ráðstafað á tíminn eftir að leiða í ljós."

vfs.is

ALVÖRU VERKFÆRI Á ALVÖRU TILBOÐUM

Örfáir dagar eftir!

DERHÚFA
Fylgir öllum kaupum meðan birgðir endast!

PEYSA eða BOLUR
Fylgja völdum vörum meðan birgðir endast!

Kauptu Milwaukee aukahluti fyrir 14.900 kr. og fáðu ***VERKFÆRATÖSKU***

Sjáðu öll tilboðin á ***vfs.is***

BÍLLINN Á FERÐ UM LANDIÐ

Mánudaginn 27. júní
HÖFN Í HORNAFIRÐI
Kl. 10:30–15:00 – N1

Þriðjudaginn 28. júní
KIRKJUBÆJARKLAUSTUR
Kl. 9:00–11:30 – Random-Klausturbúð
VÍK Í MÝRDAL
Kl. 13:30–16:00 – Aldan verslun

Miðvikudaginn 29. júní
VESTMANNEYJAR
Kl. 9:30–17:00 – Skipalyftan

Fimmtudaginn 30. júní
HAFNARFJÖRÐUR
Kl. 9:00–17:00 – Dalshraun 13

VERKFÆRA SALAN

VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALSHRAUNI 13, HAFNARFIRÐI • TRYGGVABRAUT 24, AKUREYRI • S: 560 8888 • **vfs.is**

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Jónas A. Kjerúlf

Stillholti 19, Akranesi,

lést á Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Höfða, miðvikudaginn 22. júní. Útför hans fer fram frá Akraneskirkju fimmtudaginn 30. júní kl. 13. Streymt verður frá athöfninni á vef Akraneskirkju: www.akraneskirkja.is.

Brynja Kolbrún Kjerúlf
Jóna María S. Kjerúlf
Edda Elísabet Kjerúlf
Kristbjörg Kjerúlf
Kolbrún Kjerúlf
Andrés Ólafur Kjerúlf
Pétur Hafsteinn Ingólfsson
Einar Þorsteinsson
Marcelo Doti
Guðlaugur Gunnarsson
Þórunn Káradóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Ástkær faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Brandur Jónsson

frá Grafardal,

sem lést föstudaginn 17. júní á Dvalarheimilinu Höfða Akranesi, verður jarðsunginn frá Akraneskirkju mánudaginn 27. júní klukkan 13. Hægt verður að nálgast streymi frá útförinni á vef Akraneskirkju. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Dvalarheimilisins Höfða fyrir góða umönnun.

Salvör Lilja Brandsdóttir
Sveinn Brandsson
Jón Brandsson
Heiðdís Björk Brandsdóttir
Björn Þorri Viktorsson
Olga Grevtsova
Bergný Dögg Sophusdóttir
og afabörn.

Nærgætni, hlýja og virðing *Við andlát ástvinar*

ÚTFARARSTOFA ÚTR REYKJAVÍKUR
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn

Ísleifur Jónsson Útfararstjóri Farsími 821 5353
Steinunn Magnúsdóttir Útfararþjónusta Farsími 861 3441

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
www.utforin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892
Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað

Sverrir Einarsson S: 896 8242

Jóhanna Eiríksdóttir

Jón G. Bjarnason S: 793 4455

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði

Útfararþjónusta í yfir 70 ár

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

Við tökum vel á móti ástvinum í hlýlegu og fallegu umhverfi

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Regnbogafáninn á Hinsegin dögum í Reykjavík árið 2019. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Afmælisdagur regnbogafánans

Þann 25. júní árið 1978 var regnbogafánanum flaggað í fyrsta skipti í gleðigöngu í San Francisco. Fáninn var hannaður af bandarískra listamanninum Gilbert Baker og varð á örskömmum tíma að helsta baráttutákni hinsegin fólks bæði í Bandaríkjunum og á heimsvísu.

thorgrimur@frettabladid.is

„Ég þekkti Gilbert persónulega, kynntist honum á ráðstefnu í San Francisco árið 2004," sagði Heimir Már Pétursson fréttamaður við Fréttablaðið. „Þá hafði hann ásamt fjölda fólks búið til þriggja mílna fána til að fagna 25 ára afmæli regnbogafánans. Hann klippti hann niður í búta og gaf hinum og þessum samtökum. Þegar ég hitti hann á ráðstefnunni átti hann bara einn eða tvo búta eftir. Hann áritaði hann og gaf mér og síðan þá er alltaf haldið á honum í gleðigöngunum hér."

Heimir getur þess að regnbogafáninn var hannaður sama ár og Samtökin '78 voru stofnuð á Íslandi og segir fánann alltaf hafa verið notaðan í göngum hér á landi. „Á allra fyrstu árunum var bleiki

Heimir Már Pétursson. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

þríhyrningurinn notaður sem tákn því hann hafði verið notaður í útrýmingarbúðum nasista til að merkja samkynhneigða. Fáninn tók mjög hratt yfir því hann var miklu jákvæðara tákn. Hann er alveg samofinn réttindabaráttu samkynhneigðra á Íslandi eins og annars staðar."

Fáninn hefur stöku sinnum verið notaður í öðrum merkingum en sem tákn hinsegin fólks. Heimir bendir meðal annars á að á Ítalíu og víðar hafi hann verið notaður sem friðartákn. „Gilbert sagði oft við mig að honum fyndist það bara fínt að fáninn fengi margs konar notkun því hann átti að tákna regnboga mannlegs samfélags líka. Það hafa verið þróaðar alls konar útfærslur út frá honum líka. Til dæmis eru birnirnir með brúnt og svart á fánanum."

Heimir segir að þótt hópar hinsegin fólks hafi kynnt eigin fána til sögunnar eða gert breytingar á regnbogafánanum hafi skírskotun fánans ekkert orðið þrengri. „Hann er aðaltákn okkar baráttu og verður áfram. Hefur verið það síðan hann kom fyrst fram. Hann táknar ekki bara þjáningar, heldur gleði, von og sigra sem hafa unnist í baráttu samkynhneigðra og annarra í þeirra málum."

Fáninn hefur átt undir högg að sækja í ýmsum löndum á síðustu árum. Meðal annars hefur notkun hans á almannafæri verið takmörkuð með lögum í löndum eins og Rússlandi og Ungverjalandi og stjórnvöld í Sádi-Arabíu hafa gert rassíur til að uppræta aðra muni í regnbogalitum. „Hann er ekki vel séður á stöðum eins og Rússlandi og annars staðar þar sem er beinlínis lífshættulegt að vera samkynhneigður og fólk er handtekið fyrir að voga sér út á götu og krefjast réttinda," segir Heimir. „Það sýnir bara hvað fáninn er sterkur, að þar sem er verið að troða niður réttindi samkynhneigðra, þar er fáninn ekki vel séður." ■

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

Friðrik Svanur Oddsson

Faxabraut 13, Keflavík,

lést á Hrafnistu Hlévangi, laugardaginn 11. júní. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Sérstakar þakkir til starfsfólks Hlévangs fyrir einstaka umönnun og hlýju sem hann naut þar.

Aðstandendur.

Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Unnur Jónsdóttir

ljósmóðir, áður til heimilis að Aflagranda 40,

lést á hjúkrunarheimilinu Grund Hringbraut, 20. júní síðastliðinn. Útför hennar fer fram frá Áskirkju föstudaginn 1. júlí kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á minningarsjóð Grundar.

F.h. aðstandenda,
Stefán Kristjánsson
Guðríður Anna Kristjánsdóttir
Kristín Jóna Kristjánsdóttir
Kristján Gerhard

Elskulegur sambýlismaður, faðir, tengdafaðir, bróðir, mágur og afi,

Hlöðver Örn Ólason

tæknifræðingur, frá Akranesi,

lést á líknardeild Landspítalans laugardaginn 18. júní. Útför hans fer fram frá Langholtskirkju fimmtudaginn 30. júní klukkan 11. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

Kristín Waage
Eiríkur Kristinn Hlöðversson
Óli Örn Hlöðversson
Magnús Ólason
Valentínus Ólason
Sigríður Kristín Óladóttir
Kristine Andersen
Þóra Másdóttir
Halldóra Jónsdóttir
Þórður Sveinsson
og sonardætur.

Eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Jóhanna Þorkelsdóttir

Dynsölum 4, Kópavogi,

lést á heimili sínu þann 18. maí. Útför hennar fór fram 7. júní. Innilegar þakkir frá okkur til allra fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát hennar.

Magnús Bjarnason
Sigríður Magnúsdóttir
Þorkell Magnússon
Gígja Magnúsdóttir
Hans-Olav Andersen
Berghildur Ásdís Stefánsdóttir
Frank Luckas
barnabörn og barnabarnabörn.

Fyrsta íslenska sirkushátíðin

Fyrsta íslenska sirkuslistahátíðin, Flipp festival, stendur yfir nú um helgina. Þema hátíðarinnar vísar í eina algengustu spurningu sirkusáhorfenda: Er þetta hægt?!

arnartomas@frettabladid.is

Það verður flippuð stemning í Kolaportinu í kvöld. MYND/AÐSEND

„Þetta er fyrsta sirkuslistahátíðin sem haldin er af íslenskum aðilum," segir Eyrún Ævarsdóttir, formaður stjórnar sirkuslistafélagsins Hringleiks, sem stendur fyrir hátíðinni. „Við verðum með fimm ólíkar sýningar fyrir fjölbreyttan áhorfendahóp, námskeið, opnar sirkussmiðjur og hitt og þetta."

Hátíðin fer fram í nýuppbyggða svæðinu við Elliðaárstöð, þar sem fjölskylduvænu viðburðirnir fara fram, og í Hjólaskautahöllinni á Sævarhöfða.

Þá verður sýningin Arcade Delight eftir danska sirkushópinn Dynamo Workspace í Kolaportinu en sú er ætluð fullorðnum.

„Þau eru að koma með upplifunarsirkus-rúlluskauta-kabarett-partí-sýningu," segir Eyrún og hlær en á sýningunni býðst áhorfendum að fara sjálfir í rúlluskauta, fá lánaðan 80's fatnað og jafnvel að láta klippa á sig möllet.

Eyrún Ævarsdóttir, formaður stjórnar Hringleiks

Á blússandi farti

Félagasamtökin Hringleikur voru stofnuð árið 2018 og telja nú um þrjátíu meðlimi sem starfa við sirkuslistir á Íslandi. Sirkusstarfið er fjölbreytt og er boðið upp á sýningar, námskeið og unglinga- og barnastarfið Æskusirkus.

„Það er allt á blússandi farti á verkefnunum hjá okkur," segir Eyrún, sem bætir við að Covid hafi auðvitað sett strik í reikninginn hjá mörgum. „Við náðum samt alveg að halda sýningar í gegnum faraldurinn svo það er gaman hvað það hefur í rauninni gengið vel. Í Covid vorum við til dæmis með sýninguna Allra veðra von, sem flakkaði um allt land og hlaut meira að segja Grímuverðlaun."

Fyrstu skrefin

Í dag þarf blessunarlega enginn að strjúka að heiman til að ganga í sirkus, en hvernig er best að bera sig að ef maður hefur áhuga á að blanda sér í senuna?

„Ef viðkomandi er undir átján ára þá er hægt að ganga í Æskusirkusinn þar sem krakkar geta mætt," segir Eyrún. „Fyrir fullorðna erum við með opnar æfingar í nýtilkomnu sirkusæfingahúsinu okkar, sem er í sjálfu sér magnað skref þar sem við höfum verið aðeins á hrakhólum undanfarin ár. Svo erum við með ýmis námskeið sem er hægt að finna á heimasíðunni okkar."

Dagskrá Flipp festival má finna á hringleikur.is. ■

---

†

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Steinunn Erla Friðþjófsdóttir

Erla í Hjólinu

Laufbrekku 4, Kópavogi,

lést í faðmi fjölskyldunnar á heimili sínu, sunnudaginn 19. júní. Útförin fer fram frá Víðistaðakirkju í Hafnarfirði, fimmtudaginn 30. júní kl. 13.

Björn Ingólfsson
Linda Björk Björnsdóttir **Sigurður G. Benediktsson**
Stefán Logi Björnsson **Marta Sigurðardóttir**
Víðir Snær Björnsson
Adda Steina, Aldís, Erla, Þórdís Ása, Fanný Sif, Stefanía Ásdís, Aníta Ósk og langömmubörn.

---

†

Elsku sambýliskona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og systir,

Karen Garðarsdóttir

Svíþjóð,

lést 2. febrúar síðastliðinn í Svíþjóð. Útförin fer fram frá Áskirkju miðvikudaginn 6. júlí kl. 11.00.

Enar Johansson
Unnur Karen Guðmundsdóttir **Elías Raben Gunnólfsson**
Helga María Guðmundsdóttir **Pontus Sundén**
Andri Hrafn, Aron Freyr, Alexia Líf og Frosti Þór
Sigríður Garðarsdóttir Gerleman
Ingvar Garðarsson
Ingibjörg Elísabet Garðarsdóttir

---

†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og bróðir,

Bjarki Þórarinsson

læknir,

lést föstudaginn 17. júní á hjartadeild Landspítalans. Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 30. júní klukkan 13.

Egill Bjarkason **Anna Tomaszewska**
Theódóra Bjarkadóttir **Johan Wållgren**
barnabörn, systkini og aðrir aðstandendur.

---

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

Jón Stefánsson

Ásabraut 14 Akranesi,

er látinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Kristín Þorsteinsdóttir og fjölskylda.

---

†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Magnús Gunnar Pálsson

flugvirki,
Bjarkavöllum 1A, Hafnarfirði,

lést á Spáni laugardaginn 4. júní sl. Útför hans fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju mánudaginn 27. júní kl. 13.

Karl Óskar Magnússon **Guðný Bjarnarsdóttir**
Þóra Margrét Karlsdóttir **Patrekur Örn Gestsson**
Magnús Gunnar Karlsson

---

†

Elsku mamma, tengdamamma, amma og langamma,

Sigríður Friðsemd Sigurðardóttir

Árskógum 6, Reykjavík,

lést föstudaginn 17. júní á hjúkrunarheimilinu Sóltúni. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju þriðjudaginn 28. júní klukkan 15.00.

Sigurbjörg Ágústsdóttir **Vilberg Ágústsson**
Sigþór Kristinn Ágústsson
Elín Ágústsdóttir **Hrafn Ingimundarson**
Steindór Rúnar Ágústsson
Jónína Ágústsdóttir **Logi Sigurfinnsson**
Halldór Jónas Ágústsson **Ingunn Gísladóttir**

---

†

Ástkær eiginkona mín, systir okkar, mágkona og frænka,

Gunnhildur Gunnarsdóttir

fjármálastjóri,
Algorfa, Spáni,
áður Blikahólum 2,

lést á sjúkrahúsi laugardaginn 14. maí. Minningarathöfn um Gunnhildi fer fram frá Lindakirkju í Kópavogi þriðjudaginn 28. júní 2022, kl. 13.00.

Guy Gevaert
Baldur Gunnarsson
Reynir Ásgeirsson **Björg Thomassen**
Gunnarr Baldursson
Júlía Leví Baldursdóttir
Björn Þór Reynisson
Róbert Már Reynisson
Einar Þröstur Reynisson
og fjölskyldur.

---

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Vilborg Eyjólfsdóttir

Gógó

Sóltúni 2,

lést í faðmi fjölskyldu sinnar þann 16. júní síðastliðinn. Útför fer fram frá Seljakirkju mánudaginn 27. júní klukkan 11.00.

Eygló Sigurðardóttir **Ómar Jónsson**
Sveinbjörn Þórisson **Hildur Þorsteinsdóttir**
Ásdís Þórisdóttir **Páll Theodórsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

---

†

Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Árni Stefán Norðfjörð

áður til heimilis að
Álandi 11, Reykjavík,

andaðist 21. júní á Hjúkrunarheimili DAS á Sléttuvegi. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 1. júlí kl. 11.

Anna Hulda Ólafsen Norðfjörð
Unnur Dóra Norðfjörð **Runólfur Þór Andrésson**
Sigrún Birna Norðfjörð **Oddgeir Arnarson**
Árni Valur Skarphéðinsson **Iðunn Ólafsdóttir**
barnabörn, barnabarnabörn og makar þeirra.

---

†

Elsku móðir mín, amma, langamma, tengdamóðir og systir,

Sigríður S. Jónsdóttir

Skógarvegi 16, Reykjavík,

lést þann 18. apríl á Líknardeild Kópavogs. Útförin fór fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Rannveig Kramer **Hermann G. Jónsson**
Thelma Dögg Hermannsdóttir **Magnús Ingi Ingason**
Tanja Dögg Hermannsdóttir **Guðjón Már Atlason**
Magnús S. Jónsson **Ágústa Gísladóttir**
börn og barnabörn.

---

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Nína Oddsdóttir

lést á Hjúkrunarheimilinu Sóltúni laugardaginn 11. júní. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju þriðjudaginn 28. júní kl. 13.

Rósmundur M. Guðnason **Helga Sigurðardóttir**
Vilmundur G. Guðnason **Guðrún Nielsen**
Oddur Th. Guðnason **Dýrfinna H. Sigurðardóttir**
Gunnar Gísli Guðnason **Guðlaug Magnúsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055 .

blómaval

25% afsláttur

Sumarblóm og garðplöntur

